



---

# Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

## Grunnlýsing

### 28. ágúst 2024

---

Grjóthálsi 7-11 | 110 Reykjavík, Iceland | Tel +354 412 8000 | [olgerdin@olgerdin.is](mailto:olgerdin@olgerdin.is) | [www.olgerdin.is](http://www.olgerdin.is) | Vsk.nr. 11211 | Kt. 420369-7789

## Efnisyfirlit

1	ALMENN LÝSING Á ÚTGÁFURAMMANUM .....	3
1.1	Um útgáfurammann og framkvæmd útgáfu .....	3
1.2	Heimild til útgáfu og stærð útgáfurammans .....	3
1.3	Skuldaskjöl útgefin í samræmi við útgáfurammann .....	3
1.4	Taka til viðskipta á skipulegum markaði .....	3
2	ÁHÆTTUÞÆTTIR .....	4
2.1	Áhættuþættir skuldaskjalanna .....	5
2.1.1	Almennt um áhættu tengda fjárfestingu í skuldabréfum og víxlum .....	5
2.1.2	Áhætta skuldaskjala sem gefin eru út undir útgáfurammanum .....	5
2.1.3	Breytingar á lögum og reglum .....	7
2.1.4	Lagaumhverfi útgefanda og skuldaskjala sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði .....	7
2.2	Áhættuþættir útgefanda .....	8
3	SKILMÁLAR SKULDASKJALANNA .....	19
4	FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA .....	36
5	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN .....	45
5.1	Útgefandi .....	45
5.2	Fjárhagsdagatal .....	45
5.3	Lagaumhverfi .....	46
5.4	Skipulag samstæðunnar og skipurit .....	46
5.5	Ágrip af sögu útgefanda .....	47
5.6	Starfsemi Ölderðarinnar .....	48
5.7	Stefna, gildi og markmið .....	51
5.7.1	Sjálfbærnistefna .....	52
5.7.2	Jafnréttisstefna .....	52
5.7.3	Mannauðsstefna .....	52
5.7.4	Öryggis- heilsu og vinnuverndarstefna .....	52
5.7.5	Stefna og áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni .....	52
5.7.6	Persónuverndarstefna .....	53
5.7.7	Siðareglur .....	53
5.7.8	Gæðastefna .....	53
5.8	Stjórnarhættir, stjórn og stjórnendur .....	53
5.8.1	Stjórnarhættir .....	53
5.8.2	Stjórn og stjórnendur .....	54
5.8.3	Undirnefndir stjórnar og aðrar nefndir .....	57

5.9	Hluthafar og hlutafé.....	57
5.9.1	Arðgreiðslur .....	58
5.10	Þróun og horfur.....	59
6	TILKYNNING TIL FJÁRFESTA .....	60
6.1	Skilgreiningar og tilvísanir.....	61
6.2	Gildistími og aðgengi að lýsingu .....	62
6.3	Upplýsingar felldar inn með tilvísun.....	62
6.4	Skjöl til sýnis, aðgengi og gildistími .....	62
6.5	Ráðgjafar.....	62
6.6	Upplýsingar frá þriðja aðila .....	63
6.7	Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands .....	63
6.8	Endurskoðandi .....	63
6.9	Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda.....	64

# 1 ALMENN LÝSING Á ÚTGÁFURAMMANUM

## 1.1 Um útgáfurammann og framkvæmd útgáfu

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík (hér eftir „**útgefandinn**“, „**félagið**“ eða „**móðurfélagið**“) mun gefa út skuldaskjöl í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlysingu þessari (hér eftir „**grunnlysingin**“ eða „**lysingin**“) eða viðaukum við hana, í hverri þeirri mynt sem ákveðin er af útgefanda og tilgreind er í endanlegum skilmálum hverju sinni. Skuldaskjöl sem gefin verða út undir útgáfurammanum geta verið skuldabréf og/eða víxlar (í grunnlysingu þessari nefnd „**skuldabréfin**“ og „**víxlarnir**“, saman eða hvort heldur sem er „**skuldaskjölin**“ eða eftir atvikum „**verðbréfin**“) sem gefin verða út með rafrænum hætti hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum.

Upplýsingar um nafnverð, vexti (ef við á), útgáfuverð og aðra skilmála sem eiga við um hvern útgáfuhluta flokks skuldaskjala, og ekki eru þekktar við útgáfu grunnlysingarinnar, koma fram í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna. Útgefandi mun því ákveða skilmála hverrar útgáfu í samræmi við þá mögulegu skilmála sem tilgreindir eru í kafla 3 *Skilmálar verðbréfanna*, en skilmálum getur verið breytt í viðeigandi viðauka við grunnlysinguna. Form endanlegra skilmála er að finna í kafla 4 *Form endanlegra skilmála*. Endanlegu skilmálarnir verða skráðir hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“), birtir á vefsíðu útgefanda og/eða birtir til upplýsinga í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“ eða eftir atvikum „**Kauphöllin**“) eftir því sem við á.

## 1.2 Heimild til útgáfu og stærð útgáfurammans

Útgáfuramminn og útgáfa skuldabréfa og víxla samkvæmt honum eru í samræmi við ákvörðun stjórnar Ölgerðarinnar þann 25. ágúst 2023 og nemur fjárhæð hans 10.000.000.000 kr. Samanlagt nafnverð útgefinna skuldaskjala sem gefin verða út samkvæmt útgáfurammanum skal ekki vera umfram 10.000.000.000 kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum myntum eins og lýst er hér að neðan, eða þá mögulegu stækkun á útgáfurammanum sem er háð heimild stjórnar Ölgerðarinnar.

Sú aðferðarfræði sem stuðst er við í útreikningi á hvað telst vera jafngildi íslenskra króna vegna skuldaskjala sem kunna að vera gefin út í annarri mynt en íslenskum krónum er eftifarandi:

Fjárhæð skuldaskjala sem gefin eru út í annarri mynt en íslenskum krónum er ákveðin af útgefanda, annað hvort þegar ákvörðun er tekin um útgáfu slíks flokks skuldaskjala eða næsta viðskiptadag á eftir á Íslandi, á grundvelli tilboðs frá banka að vali útgefanda, á gjaldeyrismarkaði á Íslandi, á stundargengi sölu á íslenskri krónu á móti kaupum á þeirri mynt sem viðkomandi skuldaskjal er gefið út í, á fyrrgreindum útreikningsdegi.

## 1.3 Skuldaskjöl útgefin í samræmi við útgáfuramman

Útgáfuramminn gerir ráð fyrir útgáfu skuldabréfa og/eða víxla sem taka á til viðskipta á skipulegum markaði í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og/eða bjóða á til kaups í almennu útboði eða í einhverri tegund þeirra útboða sem talin eru upp skv. undanþágu í 4. mgr. 1. gr. í reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, allt samkvæmt ákvörðun útgefanda hverju sinni.

## 1.4 Taka til viðskipta á skipulegum markaði

Ef gert er ráð fyrir að taka skuldaskjölin til viðskipta á skipulegum markaði verður sótt um að fá slík skuldaskjöl tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um að fá skuldaskjölin tekin til viðskipta á öðrum skipulegum mörkuðum.

## 2 ÁHÆTTUPÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Ölgerðinni er kunnugt um og telja að eigi sérstaklega við um félagið, skuldaskjölin og þær atvinnugreinar sem það starfar innan og gætu haft áhrif á getu útgefanda til að standa skil á greiðslum afborgana og vaxta af útgefnunum skuldabréfum og víxlum, þar á meðal þau skuldabréf og/eða víxla, sem útgefin eru samkvæmt ákvæðum útgáfurammans sem lýst er í grunnlýsingu þessari. Áhættuþættirnir í lýsingunni takmarkast við þá áhættu sem er sértæk fyrir útgefandann og/eða skuldaskjölin og sem skiptir máli fyrir fjárfesta til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Með framsetningu og uppröðun þeirra áhættuþáttta sem hér er fjallað um er leitast við að fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Afmörkun getur verið með ýmsu móti og þá er hægt að flokka með mismunandi aðferðum. Í grunnlýsingunni er þeim skipt á eftirfarandi hátt:

- A. Áhættuþættir sem tengjast skuldaskjölunum sem gefin eru út undir útgáfurammanum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim; og
- B. Áhættuþættir sem eiga við um útgefandann þ.m.t. vegna starfsemi hans og getu til þess að uppfylla skuldbindingar sínar vegna skuldaskjala sem gefin eru út undir útgáfurammanum.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem útgefandi gefur út samkvæmt útgáfuramma þeim sem lýst er í grunnlýsingu þessari, er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í verðbréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á verðbréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandí óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru því hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í grunnlýsingu þessari og þá sérstaklega allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuhætti útgefanda, sem gætu haft veruleg áhrif á útgefandann og fjárfestingar í verðbréfum útgefnunum af útgefanda.

Ekki er hægt með vissu að meta líkur þess að tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta félaginu, viðskiptamönnum, lánardrottnum eða hluthöfum þess tjóni. Hver og einn neðangreindra áhættuþáttta gæti ítrekað eða í einstökum tilvikum haft áhrif á rekstur og efnahag félagsins og þar með á verðmæti verðbréfa útgefnunum af félaginu. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa. Áhrifa fleiri en eins áhættuþáttar getur jafnframt gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþáttar verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram.

Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði verðbréfanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir við útgáfu þessarar grunnlýsingar.

Ölgerðin býr við áhættu í tengslum við starfsemi sína. Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi eða tjóni af völdum starfsfólks, tækni, ófullnægjandi eða gallaðra innri ferla eða ytri atburða. Áhætta í rekstrarumhverfi lýtur meðal annars af eftirfarandi þáttum: Stýring vaxtar, kjarasamningar, vöruryrggi og eigin vörumerki, sviksamleg háttsemi og fylgni við reglur, vörurýrnun, mótaðilaáhætta, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, orðsporsáhætta, birgjar og fasteignir.

Með áhættustýringu setur félagið sér markmið að uppgötvu og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring félagins er yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagins. Með starfsmannapjálfun og starfsreglum er stefnt að öguðu eftirliti þar sem allt starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt og skyldur.

## **2.1 Áhættuþættir skuldaskjalanna**

### **2.1.1 Almennt um áhættu tengda fjárfestingu í skuldabréfum og víxum**

Fjárfesting í skuldaskjölum felur í sér áhættu. Skuldaskjöl standa framar í kröfuröðinni en til dæmis hlutabréf, en þrátt fyrir það geta fjárfestar tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í heild eða að hluta.

Skuldaskjöl bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldaskjala sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldaskjalanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldaskjalanna. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldaskjala, svo sem framboð og eftirspurn, almennt efnahagsástand, vaxtaákvvarðanir seðlabanka, breytingar á lögum og reglum á fjármálamaðraði og ófyrirséðir atburðir. Fjármálamaðraðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamaðraði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t á skuldaskjölum.

Auk markaðsáhættu felur fjárfesting í skuldaskjölum í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili í samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur.

Aðrir áhættuþættir fylgja einnig fjárfestingu í skuldaskjölum sem tengjast skilmálum og réttindum útgefanda skuldaskjala, svo sem vegna vanefndatilvika, veðtrygginga og stöðu eigenda skuldaskjala gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda.

Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldaskjölum reynist arðsöm og fjárfestum er bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldaskjölum. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér grunnlýsingu þessa í heild sinni og viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana, áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í skuldaskjölum útgefanda.

### **2.1.2 Áhætta skuldaskjala sem gefin eru út undir útgáfurammanum**

#### ***Endurgreiðsluáhætta***

Stýring á lausafjáráhættu útgefanda felst meðal annars í greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga og að viðhafa verklagsreglur sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldaskjölin á fyrirfram ákveðnum gjalddögum og fjármagnar endurgreiðsluna með tekjum sínum eða lántöku. Skuldbinding útgefanda samkvæmt skuldaskjölunum er bein og óskilyrt. Útgefandi getur hins vegar lent í þeiri stöðu að eiga ekki nægilegt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga.

#### ***Seljanleikaáhætta og skilvirkur eftirmarkaður***

Seljanleikaáhætta skuldaskjalanna felst í því að ekki reynist mögulegt að selja skuldaskjölin á eftirmarkaði á þeim tíma, í því magni og/eða á því verði sem fjárfestar vilja. Verðmyndun á markaði getur verið óskilvirk af þessum orsökum sem veldur því að töluverður munur getur verið á kaup- og sölugengi. Ekki er víst að skilvirkur eftirmarkaður myndist með skuldaskjölin þó að þau kunni að vera tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Verði gerðir samningar um viðskiptavakt vegna einstakra flokka skuldaskjala verður tilkynnt um það opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. í fréttakerfi kauphallar, og á vefsíðu Ölgerðarinna, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar><sup>1</sup>. Samningar um viðskiptavakt auka líkur á viðskiptum á eftirmarkaði en geta samt sem áður ekki tryggt skilvirkana eftirmarkað.

<sup>1</sup> Upplýsingar á vefsíðu útgefanda eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar séu feldar inn í lýsinguna með tilvísun

## **Vaxtaáhætta**

Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum ef vextir á markaði hækka og öfugt, að öðru óbreyttu. Áhrif vaxtabreytinga eru almennt meiri á lengri skuldabréf en styttri. Fjárfesting í skuldabréfum með föstum vöxtum felur í sér hættu á því að vextir sem fjárfestar fá greidda af viðkomandi skuldabréfi séu lægri en þeir vextir sem byðust síðar almennt á markaði. Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri sambærilegri fjárfestingu að öðru óbreyttu.

## **Mótaðilaáhætta**

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldaskjala útgefanda er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldaskjalanna. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldaskjalanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta. Til viðbótar við mat á áhættu útgefandans verða fjárfestar einnig að skoða endanlega skilmála viðkomandi flokks skuldaskjala sem þeir hyggjast fjárfesta í.

## **Uppgjörsáhætta**

Uppgjör vegna viðskipta með skuldaskjöl útgefanda fara fram í gegnum greiðslukerfi. Uppgjörsáhætta felst í því að mótaðili í viðskiptum með skuldaskjölin á eftirmarkaði standi ekki við skuldbindingar sínar, þ.e. að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst er þar sem mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki verðbréfin á réttum tíma.

## **Uppgreiðsluáhætta**

Útgefandi hefur ýmist heimild til að fyrirframgreiða eða ekki heimild til að fyrirframgreiða höfuðstól skuldaskjalanna eftir því sem kveðið er á um í endanlegum skilmálum. Útgefanda er þó heimilt að kaupa skuldaskjölin, í heild eða að hluta, á eftirmarkaði, enda séu kaupin gerð á grundvelli útboðsfyrirkomulags þar sem öllum eigendum skuldaskjalanna býðst að selja bréf sín hlutfallslega. Búast má við að útgefandi kaupi frekar skuldabréfin á eftirmarkaði þegar kostnaður við nýtt lánsfé er lægri en vextir á viðkomandi skuldabréfaflokki eða víxlaflokki („**skuldaskjalaflokki**“). Við slíkar aðstæður eru minni líkur á því að fjárfestar geti fengið sambærilega ávöxtun.

## **Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta skuldaskjalanna felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni skuldaskjala, þ.e. að verð skuldaskjala sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra flokka skuldaskjala sveiflist. Ef ávöxtunarkrafa markaðarins hækkar þá lækkar virði skuldaskjalanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldaskjalanna.

## **Verðtryggingaráhætta**

Skuldabréf sem gefin verða út undir útgáfurammanum kunna að vera verðtryggð miðað við vísitölu sem er tilgreind í endanlegum skilmálum viðkomandi skuldabréfaflokks. Verðtrygging hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu skuldabréfanna. Breytingar á vísitölu sem notuð er til verðtryggingar hefur einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum, þegar um vaxtagreiðslubréf er að ræða, þar sem höfuðstóll er uppreiknaður miðað við gildi vísitölu sem notuð er til verðtryggingar áður en vextir eru reiknaðir. Ekki skal líta á sögulega þróun viðkomandi vísitölu sem vísbindingu um þróun hennar í framtíðinni.

## **Gjaldeyrisáhætta**

Skuldabréf sem gefin eru út undir útgáfurammanum kunna að vera gefin út í erlendri mynt. Greiðslur afborgana og vaxta yrðu þá einnig í erlendri mynt. Gjaldeyrisáhætta fylgir að jafnaði fjárfestingum í fjármálagerningum sem eru skráðir í annarri mynt. Gengi einstakra gjaldmiðla getur sveiflast verulega vegna ástands og breytinga á viðkomandi myntsvæði s.s. vegna verðbólgu og breytinga á vaxtastigi auk efnahags- og stjórnsmálalegra áhrifa. Lántökur í erlendri mynt kunna einnig að skapa ójafnvægi á milli

tekna félagsins og stöðu erlendra lána hverju sinni.

### **Sérstök áhætta vegna óveðtryggðra skuldabréfa**

*Staða í kröfuröð:* Ef skuldaskjöl njóta ekki veðtrygginga standa fjárfestar frammi fyrir þeirri áhættu að kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakrar tryggingar í eignum útgefanda. Slíkar kröfur standa því aftar veðtryggðum kröfum komi til gjaldþrots eða slita á útgefanda.

*Áhætta tengd umboðsmanni kröfuhafa:* Í tengslum við útgáfu óveðtryggðra skuldaskjala sem hafa verið gefnir út eða sem kunna að verða gefin út innan útgáfurammans er skipaður umboðsmaður kröfuhafa fyrir óveðtryggð skuldaskjöl undir útgáfurammanum. Meginhlutverk umboðsmanns kröfuhafa er að gæta hagsmuna eigenda skuldaskjala sem gefin verða út undir þessu fyrirkomulagi og koma fram fyrir þeirra hönd. Sú hætta er til staðar að viðkomandi aðili sinni ekki hlutverki sínu sem skyldi, þannig að það hljótist tjón af. Ekki er hægt að útiloka að viðkomandi aðili segi starfi sínu lausu og einhvern tíma taki að semja við nýjan aðila í hans stað og ekki er víst að nýir aðilar vilji ganga að núverandi samningum í óbreyttri mynd. Þar að auki er ekki hægt að útiloka að kostnaður útgefanda vegna nýs aðila muni aukast.

*Áhætta tengd fjárhagslegum skilyrðum og öðrum kvöðum:* Útgefandi kann að samþykkja það að gangast undir ákveðin fjárhagsleg skilyrði og kvaðir við útgáfu óveðtryggðra skuldaskjala, sem ætlað er að bæta réttarstöðu kröfuhafa gagnvart útgefanda. Sú hætta er til staðar að útgefandi brjóti fjárhagsleg skilyrði eða kvaðir og tilkynni ekki umboðsmanni kröfuhafa um brotið eins og honum ber að gera, eða að útgefandi grípi ekki til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta. Vanefni útgefandi skilyrði eða kvaðir í skilmálum óveðtryggðra skuldaskjala geta kröfuhafar tekið þá ákvörðun að gjaldfella skuldaskjöl, auk þess sem gjaldfellingin getur skapað heimild til gjaldfellingar á öðrum skuldum útgefanda

*Áhætta tengd breytingum á skilmálum:* Breytingar á skilmálum óveðtryggðra skuldaskjala geta verið háð samþykki tilskilins hluta kröfuhafa. Þeir kröfuhafar sem ekki hafa samþykkt breytingarnar geta samt sem áður þurft að fella sig við þær hafi þær hlotið samþykki tilskilins hlutfalls kröfuhafa.

*Gjaldfelling er háð ákvörðun kröfuhafafundar:* Sú hætta er til staðar að eigendur skuldaskjala hafi ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldaskjöl sín. Gjaldfelling getur verið háð samþykki tilskilins hluta kröfuhafa miðað við fjárhæð krafna eða háð öðrum þáttum sem útfærðir verða í veðhafasamkomulagi. Þeir kröfuhafar sem ekki hafa samþykkt gjaldfellingu þurfa samt sem áður þurft að fella sig við þær hafi þær hlotið samþykki tilskilins hlutfalls kröfuhafa.

*Kröfuhafi getur verið bundinn af ákvörðun sem hann greiddi ekki atkvæði með eða hann getur talist hafa samþykkt hana:* Þar sem ákvarðanir eru bornar undir atkvæði á kröfuhafafundum geta kröfuhafar sem annað hvort mættu ekki á fundinn eða leggjast ekki sannanlega gegn þeirri tillögu sem er til umfjöllunar, talist hafa samþykkt hana. Jafnframt getur ákvörðun sem tekin er á kröfuhafafundi verið skuldbindandi fyrir kröfuhafa sem greitt hafa atkvæði sannanlega gegn henni, þar sem ákvarðanir teljast samþykktar ef tilskilið hlutfall kröfuhafa samþykkir þær.

### **Sérstök áhætta vegna veðtryggðra skuldaskjala**

Komi til þess að útgefandi gefi út veðtryggð skuldaskjöl undir útgáfuramma þessum verður gerður viðauki við grunnlýsingu þessa sem lýsir sérstakri áhættu vegna veðtryggðra skuldaskjala.

#### **2.1.3 Breytingar á lögum og reglum**

Um skuldaskjölin gilda íslensk lög. Niðurstöður dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar ásamt breytingum á stjórnsýsluframkvæmd geta haft áhrif á virði skuldaskjalanna. Útgefandi skuldaskjalanna getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, ákvörðunum stjórnum valda eða öðrum atriðum sem að framan er getið, sem kunna að eiga sér stað á liftíma skuldaskjalanna eftir dagsetningu grunnlýsingarinnar og hugsanlegum áhrifum þeirra á skilmála skuldaskjalanna og virði.

#### **2.1.4 Lagaumhverfi útgefanda og skuldaskjala sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði**

Um útgáfu skuldaskjalanna gilda íslensk lög og eru skuldaskjölin verðbréf í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Skuldaskjölin verða gefin út rafrænt hjá þeiri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. Um rafræna útgáfu skuldaskjalanna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum handhafa þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Um víxla gilda víxillög nr. 93/1933.

Hlutabréf í útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Um útgefandann gilda því ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunar skyldu, reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Þá gilda um félagið reglur nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Einnig gilda um útgefandann samnorrænar reglur *Nasdaq, Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares*, eins og þær eru á hverjum tíma, eða aðrar reglur sem kunna að verða settar síðar. Útgefandi skuldaskjalanna kann að óska eftir því að flokkar skuldaskjala sem gefnir verða út undir útgáfurammanum verði teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Fyrrgreind lög, reglur og reglugerðir munu þá einnig gilda um flokka skuldaskjala sem teknir verða til viðskipta á skipulegum markaði, auk reglna Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga, eins og þær eru á hverjum tíma.

## 2.2 Áhættuþættir útgefanda

Hér er fjallað um þá áhættuþætti sem Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („móðurfelagið“, „útgefandinn“ eða „félagið“) er kunnugt um og sem að mati félagsins eiga sérstaklega við um það og þær atvinnugreinar sem það starfar innan.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um. Ekki er víst að hér sé fjallað um alla þá áhættuþætti sem gætu haft áhrif á afkomu og efnahag félagsins í framtíðinni, því áhættuþættir sem eru álitnir óverulegir gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif síðar. Einnig gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir við útgáfu þessarar grunnlýsingar.

## Fjárhagsleg áhætta

### *Lausafjáráhætta*

Lausafjáráhætta er hætta á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins. Lausafjárstaða félagsins er sterkt eins og sjá má af efnahagsreikningi og er það stefna félagsins að halda þeirri stöðu sterkt.

Handbært fé þann 31.5.2024 nam um 2.043 m.kr. og hefur samstæðan aðgang að skammtímalánalínum ef þörf er á. Samstæðan leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum lána. Minnki aðgangur samstæðunnar að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu samstæðunnar til að standa við skuldbindingar sínar.

Ölgerðin veitir viðskiptamönnum sínum greiðslufrest til að fjármagna viðskipti sín en þarf að greiða skammtímakröfur sínar gagnvart birgjum og öðrum kröfuhöfum innan tilskilins greiðslufrests. Skapist

misræmi á milli greiðslufrests viðskiptamanna og lánadrottna félagsins til lengri tíma getur það haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðu félagsins og valdið auknum vaxtakostnaði.

Til þess að mæta skammtímasveiflum í rekstri samstæðunnar og standa við skuldbindingar sínar gagnvart birgjum og öðrum kröfuhöfum hefur félagið veltufjármögnun hjá viðskiptabanka sínum.

### **Sérstakir lánaskilmálar**

Láanasamningar félagsins innihalda skilmála sem lúta að fjárhagsstöðu, sjóðsstreymi og fjárfestingum félagsins auk þess sem féluginu er óheimilt að gera verulegar breytingar á starfsemi sinni þannig að það kalli á breytingar á samþykktum félagsins. Brot gegn sérstökum lánaskilmálum kann að leiða til gjaldfellingar. Félagið uppfyllir að fullu alla fyr nefnda lánaskilmála á dagsetningu grunnlysingarinnar.

### **Gjaldmiðlaáhætta**

Gjaldmiðlaáhætta er talin vera fjárhagslegur áhættuþáttur í rekstri samstæðunnar. Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu samstæðunnar í tengslum við handbært fé, erlend innkaup og innflutning, og gjaldmiðlasamninga. Ölgerðin býr við gjaldmiðlaáhættu vegna innkaupa og sölu í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla geta þannig haft neikvæð áhrif á fjármagnskostnað og afkomu félagsins.

Stóri hluti innkaupa Ölgerðarinnar eru frá erlendum birgjum og eru greiðslur vegna þeirra í erlendum gjaldmiðlum. Reikningsskilagjaldmiðill Ölgerðarinnar er íslensk króna og því ber félagið gengisáhætta vegna innkaupa í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu. Þeir gjaldmiðlar sem skapar mesta gengisáhætta eru evra (EUR) og dollar (USD). Til að minnka gengisáhættu móðurfélagsins og dótturfélags þess, Danól, kt. 530802-2640, Fossáls 17-25, 110 Reykjavík („**Danól**“), er verðum á innfluttri vöru til endursölu breytt til samræmis við gengisbreytingar einstakra gjaldmiðla séu þær meiri en 5% og haldist stöðugar. Tekjur dótturfélagsins Iceland Spring, kt. 700304-3450, Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík („**Iceland Spring**“) eru að stærstum hluta í dollar (USD) en innkaup að mestu leyti í evru (EUR) og íslenskum krónum (ISK). Lánsfjármögnun Iceland Spring er að stærstum hluta í dollar (USD).

### **Vaxtaáhætta**

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif a vaxtastig og þar með fjármagnsliði samstæðunnar. Samstæðan býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna samstæðunnar eru breytilegir vextir í íslenskum krónum, breytilegir vextir í USD og fastir vextir í USD. Framangreind hlutföll kunna að breytast í takt við eignapróun Ölgerðarinnar og framboðs á lánsfjármarkaði. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þríþætt, gengishátt, verðbólguáhætta og hækun breytilegra vaxta.

Breytilegir vextir langtímalána á fjárhagsárinu 2023 hafa verið háir í sögulegu samhengi. Miðað við stöðu í árslok hefðu áhrif 1% hækunar eða lækkunar breytilegra vaxta á rekstrareikninginn verið 47 m.kr.

Þegar endurskoðunartími fastvaxta lána samstæðunnar nálgast getur félagið séð hvort greiðslubyrði hækki og þar með gripið til ráðstafana. Áhætta varðandi endurfjármögnun er alltaf til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántökum. Bæði er til staðar hætta á því að samstæðan nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður og einnig hættan á því að samstæðan takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

### **Verðbólguáhætta**

Mikil verðbólga getur haft neikvæð áhrif á rekstur Ölgerðarinnar. Við slíkar aðstæður hækka útgjöld og engin trygging er fyrir því að hægt verði að mæta hækjun kostnaðarverðs seldra vara og annarra útgjalda með verðhækjunum á þeim mörkuðum sem félagið starfar á. Meirihluti vöruframboðs Ölgerðarinnar samanstendur hins vegar af mat- og drykkjarvöru, sem er nauðsynjavara fyrir heimili og fyrirtæki.

Tiltölulega stöðug eftirspurn á matvöru getur að einhverju marki dregið úr þeirri verðbólguáhættu sem fólgin er í starfsemi félagsins.

Þá er félagið einnig háð efnahagsaðstæðum og verðlagi í þeim löndum sem samstæða Ölgerðarinnar kaupir aðföng til innflutnings. Verðhækkan á aðföngum sem flutt eru inn til framleiðslu og/eða dreifingar hefur bein áhrif á afkomu félagsins að því marki sem ekki er hægt að velta áfram í verðlag.

Öll langtímafjármögnun félagsins er óverðtryggð á breytilegum vöxtum. Verðbólga getur haft óbein áhrif á hagnað og sjóðsstreymi félagsins m.a. sem áhrifaþáttur í vaxtaákvörðunum Seðlabanka Íslands og/eða annarra banka. Fyrirkomulag langtímafjármögnumnar kann að breytast í takt við eignapróun Ölgerðarinnar og framboðs á lánsfjármarkaði.

### ***Viðskiptakröfur og skuldabréfalán***

Viðskiptamannahópur Ölgerðarinnar er fjölbreyttur og dreifður og fer stærsti hluti viðskipta fram í reikningsviðskipum eða með milligöngu kreditkortafyrirtækja. Ákveðin mótaðilaáhætta skapast þó vegna 10 stærstu viðskiptavina samstæðunnar en þeir aðilar hafa staðið fyrir um 60-70% af veltu Ölgerðarinnar síðastliðin ár. Greiði þessir viðskiptavinir ekki samningsbundnar greiðslur og/eða skaðist viðskiptasamband við þessa aðila, gæti það haft veruleg áhrif á afkomu og efnahagsreikning félagsins. Tíu stærstu viðskiptavinir Ölgerðarinnar eru m.a. íslenskar verslanakeðjur og ÁTVR.

Ölgerðin hefur veitt ákveðnum viðskiptavinum lán sem bera fasta óverðtryggða vexti, einkum skemmti- og veitingastöðum. Skuldabréfalánin eru almennt til þriggja ára, meðalupphæð nemur um 10 m.kr. Bókfært verð skuldabréfa í árslok 2023 er um 400 m.kr. undir liðnum skuldabréf og áhættufjármunir í ársreikning. Lánin eru í flestum tilfellum tryggð með veði í eignum eða sjálfskuldarabyrgð lántaka. Greiði lántakar ekki samningsbundnar greiðslur af lánunum getur það haft neikvæð áhrif á afkomu og efnahagsreikning Ölgerðarinnar.

### ***Reikningsskilaaðferðir og mat á eignum***

Ársreikningar frá og með árinu 2021, og árshlutauppgjör félagsins frá og með árinu 2022 eru útbúin í samræmi við alþjóðlega reikningsskila staðla (International Financial Reporting Standards, („IFRS“)). Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir eru endurskoðaðir með reglulegu millibili og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reikningshaldslegar stærðir félagsins.

Þá er einnig gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Áhætta getur skapast reynist mat stjórnenda og/eða forsendur þeirra langt frá raunaðstæðum. Helstu liðir sem Ölgerðin beitir mati stjórnenda á eru virði viðskiptakrafna, skuldabréfa, birgða og óefnislegra eigna s.s. viðskiptavildar og vörumerkjá.

### ***Rekstraráhætta***

Rekstraráhætta er áhættan á beinu eða óbeinu tapi eða tjóni af völdum starfsfólks, tækni, ófullnægjandi eða gallaðra innri ferla eða ytri atburða.

Ölgerðin leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír sinn. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög, góð þjálfun starfsmanna, verkferlar skipulagðir og skráðir og tryggingar keytar þegar við á. Árlega er framkvæmt áhættumat og það lagt fyrir stjórn félagsins ásamt úrbótaáætlun.

### ***Framleiðsla***

Um 66% af framlegð samstæðunnar kom til vegna sölu á framleiðsluvörum fjárhagsárið 2023 en eigin framleiðsla er samtala eigin vörumerkja og framleiðslu með sérleyfum. Unnið er samkvæmt skilgreindri framleiðsluáætlun til að hámarka afköst í samræmi við eftirspurn og framleiðslugetu. Takist Ölgerðinni

ekki að framleiða samkvæmt áætlun og uppfylla þannig eftirspurn eftir vörum sínum getur það valdið tekjutapi og minni arðsemi.

Mikilvægt er að öllum búnaði og framleiðslutækjum sé vel við haldið og hægt sé að viðhalda stöðugum rekstri, en unnið er á vöktum í flestum framleiðslusölum Ölgerðarinnar.

Stærsta fjárfestingin á fyrsta ársfjórðungi 2024 var búnaður til að auka afköst og gæði í ölsuðu. Auk viðhaldsfjárfestinga var fjárfest í nýjum flöskumótum og búnaði tengdum framleiðslu á plastflöskum sem sparar um 70 tonn af plasti á ári vegna minni þyngdar. Samtals sparar þetta um 215 tonn af kolefni í umfangi 3. Ölgerðin leggur áfram mikla áherslu á fjárfestingar sem draga úr umhverfisáhrifum og stuðla þannig að nettólosun verði núll árið 2040.

Þrátt fyrir fyrirbyggjandi viðhald og varahlutalagerhald er ávallt hætta á að búnaður og/eða framleiðslutæki bili og ekki fáist í þau réttir varahlutir. Slíkt gæti valdið töfum í framleiðslu, röskun á framleiðsluáætlun, vöruskorti og þar með tekjutapi.

Bilanir og/eða mistök í framleiðslu geta einnig haft áhrif á gæði vara. Framleiðsluferli eru flókin og vélbúnaður tæknilegur og því mikilvægt að starfsfólk sé vel þjálfað og hafi góða þekkingu á framleiðsluferlum og vélum Ölgerðarinnar. Auk þess þarf starfsfólk að vera meðvitað og metnaðarfullt um vönduð vinnubrögð og gæðakröfur. Þá er mikilvægt að framleiðslutæki, allur búnaður og aðstaða sé rétt þrifid og haldið við, en Ölgerðin vinnur eftir ISO vottuðu gæðakerfi. Hluti af því kerfi er að tekin eru sýni úr hverri framleiðslulotu og þau rannsokuð til að tryggja að gæði vara sé í samræmi við kröfur. Ölgerðin lágmarkar þannig líkur á að gallaðar vörur komist í hendur neytenda enda er ljóst að ef slíkt gerist ítrekað mun það hafa áhrif á eftirspurn eftir vörum og þar með á tekjur og afkomu samstæðunnar.

### **Birgjar, hráefna- og afurðaverð**

Rekstur og afkoma Ölgerðarinnar er háð hráefna- og afurðaverði, en starfsemin er háð því að það geti keypt vörur og hráefni af birgjum sínum á sanngjörnum kjörum. Vöru- og hráefnaverð getur tekið breytingum, hvort sem það er til skemmri eða lengri tíma. Verð þessara páatta er byggt á markaðsverði og getur tekið örum breytingum sem ekki er hægt að sjá fyrir né hafa stjórn á. Ölgerðin notast við ýmis lykilhráefni sem eru notuð í margar vörur. Ef skortur myndast á framboði þessara lykilhráefna og/eða miklar verðhækkanir eiga sér stað getur það haft hamlandi áhrif á framleiðsluna, einkum ef um viðvarandi truflun er að ræða. Ef Ölgerðinni tekst ekki að finna viðeigandi staðgengla eykur það rekstrarkostnað félagsins.

Missi félagið umboð eða framleiðsluleyfi, t.d. ef birgir er keyptur eða sameinast öðrum, vegna bresta í viðskiptasambandi, eða hækki birgir innkaupsverð þannig að félagið telji innkaup ekki lengur hagkvæm er hætta á að félagið verði fyrir skaða til skamms tíma á meðan staðgönguvara er fundin. Ölgerðin hefur umboð fyrir sterkt vörumerki og getur það því reynst erfitt að finna staðkvæmdarvöru fyrir ákveðnar vörur. Takist það ekki getur það haft neikvæð áhrif á tekjur, arðsemi og vöxt félagsins.

Mikilvægt er að öryggi og gæði vara félagsins sé fullnægjandi og er það nauðsynlegt til að viðhalda trausti viðskiptavina. Félagið og birgjar þess eiga með sér samstarf til þess að tryggja gæði og gagnkvæman skilning á þeim kröfum sem þarf að uppfylla. Einnig er fylgst með þróun á sviði heilbrigðis- og öryggismála og fleiri sviðum til að tryggja að félagið sé í stakk búið að bregðast með viðeigandi hætti við breytingum á lagaumhverfi og neysluvenjum viðskiptavina.

### **Aðfangakeðjan og vörustjórnun**

Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifar og selur drykki, matvæli og ýmsa sérvöru, en hluti af sérvörum Ölgerðarinnar eiga uppruna sinn utan Íslands. Aðfangakeðja Ölgerðarinnar nær því frá kaupum og innflutningi á vörum og hráefnum til framleiðslu, sölu og dreifingar á framleiddum og innflutnum vörum

til hótel, veitingastaða, bara og kaffihúsa („**HORECA**<sup>2</sup>“), verslana, fyrirtækja og annarra viðskiptavina.

Til þess getur komið að framleiðslugeta vörubirgja og/eða hráefnabirgja félagsins skerðist, líkt og félagið upplifði t.d. í tilfelli dósabirgja í tengslum við Covid-19. Slíkt getur valdið auknum kostnaði, töfum í framleiðslu o.fl. Þá geta tafir í innflutningi valdið tímabundnum vöruskorti og tekjutapi. Birgðahald félagsins er annars vegar á Grjóthálsi í höfuðstöðvum Ölgerðarinnar (einkum eigin framleiðsluvörur, hráefni og aðföng til framleiðslu) og hins vegar Vöruhoteli Eimskipafélags Íslands hf., kt. 690409-0460, Sundabakka 2, 104 Reykjavík („**Eimskip**“), (einkum innflutningsvörur sem seldar eru af Danól). Stuðst er við viðurkenndar aðferðir við birgðastjórnun og hefur kostnaður vegna rýrnunar verið óverulegur í rekstri félagsins síðastliðin ár. Þó er mikilvægt að birgðum félagsins sé vel stýrt til að tryggja vöruframboð en a sama tíma lágmarka rýrnun og fjárbindingu í birgðum. Mistök i birgðastýringu getur haft neikvæð áhrif á bæði rekstur og afkomu félagsins, t.d. í tilfelli vöruskorts eða umfangsmikillar rýrnunar.

### **Aðgengi að mörkuðum og samkeppni**

Ölgerðin selur bróðurpart vara sinna á íslenskum markaði í gegnum fjölda söluaðila og er háð því að hafa greiðan aðgang að lykilmörkuðum með vörur sínar. Lykilsöluaðilar/staðir eru stórmarkaðir, ÁTVR, HORECA, bensínstöðvar og skyndibiti, fyrirtæki og sérvöruverslanir. Breyttar aðstæður á þessu mörkuðum, t.d. þær sem sést hafa síðastliðin ár vegna Covid-19, geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði félagsins en á árunum 2019 – 2020 jókst sala Ölgerðarinnar í stórmörkuðum og ÁTVR mikið á meðan sala í HORECA dróst saman sökum samkomutakmarkana og fækkunar ferðamanna. Ef aðgengi félagsins að lykilsölustöðum minnkari getur það haft talsverð áhrif á rekstur Ölgerðarinnar.

Vörusala Ölgerðarinnar jókst um tæp 2% á fyrsta fjórðungi rekstrarársins 2024 borið saman við sama tímabil í fyrra. Þannig hefur dregið verulega úr þeim mikla vexti sem verið hefur undanfarin þrjú ár. Sala til veitingahúsa, hótel og skyndibitaða dróst saman um 5% mælt í seldum lítrum af drykkjarvörum. Það gefur góða mynd af þeim samdrætti sem er í efnahagslífinu hvort sem er vegna neyslu erlendra ferðamanna eða minni neyslu Íslendinga.

Ölgerðin á í stöðugri samkeppni á helstu mörkuðum sínum og gæti hún leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga en áætlanir gera ráð fyrir og minni markaðshlutdeilda, sem aftur getur haft neikvæð áhrif á arðsemi Ölgerðarinnar í framtíðinni. Ef ekki er keppt við samkeppnisauðila í verði, vöruúvali, gæðum og þjónustu gæti það haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu Ölgerðarinnar. Nýir samkeppnisauðilar hafa komið inn á þá markaði sem Ölgerðin starfar aðallega á og náð fótfestu og því er ljóst að hættan á nýrri og aukinni samkeppni er stöðugt fyrir hendi. Ölgerðin gerir sér einnig grein fyrir að breytingar á afstöðu neytenda til félagsins og ákvarðanir yfirvalda gætu leitt til harðari samkeppni, haft í för með sér að félagið þurfi að ráðast í verulegar fjárfestingar eða að það þurfi að breyta viðskiptamódeli sínu til þess að verja samkeppnisstöðu sína.

Áhætta er fólgin í því að stórir erlendir aðilar hefji verslunarrekstur á Íslandi og selji staðgönguvörur eða sömu vörumerki og Ölgerðin á hagstæðara verði eins og sást með komu Costco Wholesale til Íslands. Auk þess eru til staðar erlendar vefsverslanir með sambærilegt vöruframboð og Ölgerðin, t.d. á svíði snyrtivara. Ölgerðin gætir þess að viðhalda samkeppnishæfu vöruverði með áherslu á gott aðgengi en ljóst er að öflug samkeppni erlendis frá gæti haft neikvæð áhrif á rekstur og hagnað félagsins.

### **Umhverfið**

Áhætta félagsins í loftlagsmálum er að mestu leyti tengd nýjum lögum og reglugerðum og breyttum viðhorfum neytenda. Ef lögð eru fram ný frumvörp og reglugerðir, sem gerir féluginu ekki kleift að bregðast við, t.d. ef einhverjar vörur eru ekki leyfðar, getur það verið kostnaðarsamt fyrir félagið. Há losunargjöld og háir mengunarskattar fela einnig í sér áhætta fyrir félagið þar sem gjöldin og tollarnir

<sup>2</sup> HORECA vísar til hótel, veitingastaða, bara og kaffihúsa og er skammstöfun á „hotels, restaurants and cafes“.

varpast út í vöruberð. Til að takmarka áhættu af þessu tagi vinnur félagið markvisst í átt að sjálfbærni og styður hringrásarhagkerfið með ýmsum aðgerðum. Félagið þarf einnig að fylgjast með breyttum þörfum neytenda, t.d. óskum þeirra um annað en einnota umbúðir. Ölgerðin hefur t.d. lagt áherslu á að umbúðir félagsins séu eins umhverfisværar og kostur er. Plastflöskur félagsins eru um 50% unnar úr endurunnu plasti, en félagið leitar að enn frekari umbótum. Þá eru flöskurnar um 3,6 til 4,5 gr léttari en áður tíðkaðist, sem minnkar kolefnisspor þeirra. Ölgerðin er einnig hluthafi í Endurvinnslunni hf., kt. 610789-1299, Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík („**Endurvinnslan**“) en örugg endurvinnsla umbúða af drykkjaryðrum styður hið mikilvæga hringrásarhagkerfi. Hætti félagið að sinna samfélagslegri ábyrgð sinni í tengslum við umhverfismál og umbætur og/eða sinnti slíkri ábyrgð illa er hætta á að slíkt skapaði orðsporsáhættu og minni eftirspurn eftir vörum félagsins.

Áhætta félagsins er einnig tengd því að ekki sé horft til samfélagsins og umhverfispáttu í ákvörðunartöku. Ölgerðin hefur haft það að leiðarljósi að hámarka framleiðni með sem minnstum umhverfisáhrifum, en félagið hefur sett sér metnaðarfull markmið um sjálfbærni í rekstri og leggur þar mikla áherslu á umhverfismál. Félagið fylgir öllum lögum og reglum í tengslum við umhverfiseftirlit og leggur áherslu á að vera ábyrgur þáttakandi í nærumhverfi sínu.

### **Vöruþróun**

Vöruþróun er gríðarlega mikilvægur hluti af starfsemi Ölgerðarinnar og er eitt af lykilmarkmiðum félagsins að 5% af veltu framleiðsluvara félagsins komi frá nýjum vörum. Markmiðið hefur tekist vel en árið 2019 var hlutfall tekna frá nýjum vörum 4,9%, 9,6% árið 2020, 14,2% árið 2021, 10% árið 2022 og 7,0% árið 2023. Vara er skilgreind sem ný vara í tvö ár eftir að framleiðsla hefst. Félagið stefnir á að halda áfram á þessari braut en geta félagsins til þess að þroa nýjar vörur sem uppfylla breyttar þarfir viðskiptavina skiptir gríðarlegu máli til að viðhalda vexti og ná árangri í rekstri. Breyting í neysluvenjum getur haft áhrif á eftirspurn eftir vörum félagsins og haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu.

Framleiðsla á vörum undir eigin vörumerkjum félagsins er arðbærasta framleiðsla Ölgerðarinnar og því er vöruþróun nauðsynleg út frá arðsemissjónarmiði en auk þess er það besta og hagkvæmasta leiðin til að mæta breyttum neysluvenjum, þörfum viðskiptavina og þar af leiðandi markmiðum félagsins. Sem dæmi hefur Ölgerðin síðastliðin ár sett kraft sinn og markvissa vinnu í vöruþróun í átt að minni skammtastærðum og hollari valkostum til að mæta kröfum neytenda. Sú vinna hefur átt stóran þátt í að viðhalda vexti félagsins þrátt fyrir að neysla sykraðra drykkja fari minnkandi ár hvert en árið 2012 voru 63% af seldum lítrum hjá Ölgerðinni sykraðir drykkir en 2023 var þetta hlutfall komið niður í 25%. Markmið félagsins er að sykurmagn á hvern seldan lítra verði 50% lægra árið 2030 miðað við árið 2020.

Takist Ölgerðinni ekki að mæta markmiðum sínum um vöruþróun til lengri tíma, t.d. ef nýjungar uppfylla ítrekað ekki væntingar viðskiptavina og ná ekki fótfestu, getur það haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins auk þess sem það getur dregið úr virði vörumerkja þess.

### **Kjarasamningar**

Í ársbyrjun 2024 undirrituðu Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög kjarasamninga sem gilda frá 1.febrúar 2024 til 31.janúar 2028. Gengið var frá langtímasamningum og stöðugleiki um launaþróun komandi ára hefur því aukist. Nái aðilar ekki saman að gildistíma loknum getur skapast hætta á verkfallsaðgerðum sem geta hamlað starfsemi félagsins og jafnvel stöðvað hana að hluta eða öllu leyti til lengri eða skemmri tíma. Erfitt getur verið að velta auknum launakostnaði út í verðlag. Af því leiðir geta kjarasamningar haft áhrif á hagnað og sjóðstreymi félagsins.

### **Mótaðilaáhætta**

Mótaðilaáhætta er hættan á að félagið verði fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þess að lánardrottinn, leigusali, birgi, viðskiptavinur eða annar mótaðili, einn eða fleiri, uppfylli ekki samningsbundnar skuldbindingar sínar.

### **Orðsporsáhætta**

Orðsporsáhætta er hættan á að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um

viðskiptahætti þess. Slík neikvæð umfjöllun getur til dæmis komið upp ef féluginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili félagsins er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til vaxtar og haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur.

### **Fasteignir, leiguþúsnaði og staðsetning**

Höfuðstöðvar Ölderðarinnar eru að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík, en þar fer fram öll framleiðsla á vörum félagsins, lagerhald á drykkjarvörum og skrifstofustarfsemi. Fasteignin, sem er 21.863 m<sup>2</sup> að stærð, er í eigu dótturfélags Ölderðarinnar, G7-11 fasteignafélag ehf., kt. 490911-2510, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („G7-11“). Annað húsnæði er leigt svo sem skrifstofuhúsnæði Danól að Fosshálsi 25 ásamt því að lagerhaldi Danól er útvistað til Eimskip.

Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun eigin húsnæðis sé fullnægjandi fyrir reksturinn. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi, ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinga, getur það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér, hvort heldur sem litid er til mistaka í áætlanagerð, kvaða opinberra aðila eða þarfa og/eða væntinga viðskiptavina og starfsmanna. Þá er fasteignin sérhönnuð fyrir framleiðslu félagsins og gæti það reynst féluginu erfitt að finna hentugt húsnæði af sömu stærðargráðu á sambærilega miðsvæðis staðsetningu, kæmi til þess að ekki væri hægt að halda áfram starfsemi á Grjóthálsi.

Þá þarf félagið að gæta þess að húsnæðið uppfylli ávallt þau skilyrði sem krafist er af framleiðsluhúsnæði og að heilsufarsáhætta myndist ekki gagnvart starfsmönnum, t.d. þar sem unnið er með hættuleg efni.

### **Stjórnun og starfsfólk**

Framtíðarsýn Ölderðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda og telur félagið að lykillinn að þeiri sýn felist í mannauði fyrirtækisins sem er eitt stærsta verðmæti félagsins. Ánægja starfsmanna er eitt af fjórum aðalmarkmiðum Ölderðarinnar til að ná samkeppnisforskoti enda er innan samstæðu félagsins yfirgrípsmikil reynsla og þekking á starfsemi og mörkuðum Ölderðarinnar. Starfsánægja er gríðarlega mikilvægur þáttur í því að halda góðu starfsfólk í vinnu hjá Ölderðinni, þjálfa það upp og byggja þannig upp enn dýpri og verðmætari þekkingarbrunn. Með vel þjálfuðu starfsfólk getur félagið veitt framúrskarandi þjónustu. Fylgst er með þróun starfsánægju með reglulegum mælingum hlutlauss fagaðila og eru niðurstöður kynntar starfsmönnum og nýttar til úrbóta. Metnaðarfullt markmið um að starfsánægja mælist yfir 85% náðist árið 2023. Takist féluginu ekki að laða til sín og/eða halda í hæft, vel menntað og áhugasamt starfsfólk gæti það haft neikvæð áhrif á rekstur, gæði og þjónustustig félagsins.

Starfsemi Ölderðarinnar er umfangsmikil, sem leiðir til aukinnar hættu á að starfsfólk félagsins viðhafi svíksamlega háttsemi. Þó félagið telji að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna þess sinni starfi sínu af heiðarleika og fagmennsku, er sú hætta til staðar á öllum stigum rekstursins að svíksamleg háttsemi eigi sér stað. Félagið er með stöðugt eftirlit í gangi til að lágmarka þessa áhættu, sem felst m.a. í innleiðingu viðeigandi bókhalds- og öryggiseftirlits og annars konar eftirlitsferla á öllum stigum rekstrarins. Öryggiseftirlit félagsins er rafrænt kerfi sem sinnir frávika eftirliti, t.d. vegna frávika í verði, birgðamagni, vöntun, afsláttum o.s.frv. Einnig er mikið af viðskiptasamböndum félagsins í höndum starfsmanna þess. Ekki er hægt að tryggja að starfsmaður sem býr yfir birgjatengslum um vörur og viðskipti gæti ekki valdið féluginu skaða t.d. með því að færa viðskiptasambandið eða deila trúnaðarupplýsingum. Þá er ekki hægt að tryggja að starfsmaður valdi ekki galla á vörum. Ölderðin reynir með bestu getu að koma í veg fyrir áhættu af þessu tagi með samningum við starfsfólk og vitund um vönduð vinnubrögð.

### **Upplýsingatækni**

Rekstur félagsins þarfnað skilvirkra tölvukerfa og bilanir í þeim geta haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Þá gæti það haft alvarleg áhrif á félagið ef tölvukerfi skyldi bregðast þannig að vinnslugögn og/eða samningar myndu tapast. Öll kerfi félagsins eru rekin og hýst hjá viðkenndum og vottuðum aðilum og eru

afrit tekin af öllum gögnum samkvæmt skipulögðum verkferlum. Einnig er áhætta fólgin í því að öryggisbrestur eigi sér stað, t.d. ef brotist væri inn í kerfi, gögnum eytt eða þau dulkóðuð eða komist yrði yfir viðkvæmar upplýsingar, en félagið tekur á þeirri áhættu á ýmsan hátt m.a. með tvöfaldri auðkenningu, fræðslu og skilgreindu verklagi um öryggisbresti.

Microsoft Dynamics Ax (2009 útgáfa) er núverandi sölu og fjárhagskerfi (ERP) Ölgerðarinnar. Microsoft hætti að styðja þessa útgáfu kerfisins í byrjun árs 2022 sem þýðir að kerfið fær ekki lengur uppfærslur. Stjórnendur telja kerfið þó öruggt í því umhverfi sem það er rekið en hafa sett uppfærslu á kerfinu á fjárfestingaráætlun.

Þá gerir félagið sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem tækni gegnir í skilvirkum rekstri Ölgerðarinnar og að félagið geti náð viðskiptalegu forskotí með því að innleiða tækninýjungar sem m.a. bæta vörukaupa- og pantanaferli viðskiptavina og auðveldar starfsmönnum að sinna starfi sínu.

Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félagini sem tryggja öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess en ekki er hægt að tryggja að ekki komi upp brestir í upplýsingatæknikerfum félagsins sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur þess, afkomu og orðspor.

### Vörumerki og hugverkaréttindi

Félagið á fjölda vörumerkja og annarra hugverkaréttinda í gegnum rekstrarreiningar sínar sem það hefur reynt að tryggja eignarrétt sinn yfir. Það gæti haft áhrif á rekstur Ölgerðarinnar ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á mikilvæg hugverkaréttindi, t.d. vegna mistaka við skráningu eða eldri réttar annars aðila. Áhrifin gætu t.d. falist í því að það yrði nauðsynlegt að fjárfesta í nýju vörumerki, með tilheyrandi kostnaði. Vörumerki og viðskiptasambönd félagsins eru bókfærð á meðal óefnislegra eigna félagsins og námu 7.359 m.kr. í lok fjárhagsársins 2023. Félagið framkvæmir virðisýrnunarpróf árlega þar sem athugað er fjárvstreymi vegna eigin vörumerkja, komi fram virðisýrnun er síu rýrnun færð til gjalda.

### Vátryggingar

Ölgerðin kaupir almennar vátryggingar s.s. bruna- og húseigendatryggingar, ábyrgðartryggingar ökutækja, tryggingar vegna lausafjár og birgða, rekstrarstöðvunartryggingar, farmtryggingar og almennar ábyrgðartryggingar vegna atvinnureksturs. Ekki er hægt að ábyrgjast að vátryggingar félagsins veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun félagsins er að tryggja sig fyrir. Þættir sem hafa áhrif á tryggingabóttagreiðslur eru m.a. sjálfsábyrgð vátryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálf þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem vátryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar. Slíkt tjón getur leitt til verulegs kostnaðar fyrir félagið.

### Efnahags- og lagaleg áhætta

#### Stjórnmálaumhverfi, lög og reglur

Ölgerðin er, eins og önnur félög, háð þeirri áhættu að stjórnvöld breyti lögum og reglum með þeim hætti að starfsemi félagsins verði óhagkvæmari en ella. Ákvarðanir stjórnvalda, sem geta m.a. ráðist af þróun stjórnmálaumhverfisins á Íslandi eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi Ölgerðarinnar. Breytingar á lögum, reglum, og stjórnsýsluframkvæmd sem gilda um félagið, eða ný lög eða reglur sem settar eru um starfsemi þess, gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagið og áhrif á það hvernig félagið hagar starfsemi sinni. Ekki er hægt að útiloka að gerðar verði lagabreytingar eða sett verði ný lög sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins.

Álagning sykurskatta eða annarra neysluskatta getur leitt til þess að eftirsprung eftir vörum Ölgerðarinnar dregst saman auk þess sem skattbyrði félagsins eykst. Sem dæmi var sykurskattur lagður á matvæli á Íslandi árið 2013 í formi neysluskatts. Sykurskatturinn var afnuminn í lok árs 2014 en áhætta er fólgin í því að hann verði tekinn upp að nýju í einhverju formi. Frá því að sykurskattur var lagður á árið 2013 hefur þó margt breyst í vöruframboði Ölgerðarinnar og hefur félagið dregið verulega úr magni sykurs í vörum sínum auk þess að bjóða upp á sykurskerta kosti í fjölda vöruflokka. Óvist er þó hvernig sykurskattur yrði

útfærður ef hann yrði tekinn upp á ný.

Meðal þeirra laga sem snerta starfsemi Ölgerðarinnar eru lög nr. 75/1998 um áfengislög („**Afengislög**“) og lög nr. 86/1995 um gjald af áfengi og tóbaki. Áfengisgjöld á Íslandi eru há, samanborið við önnur Evrópuríki, sem hefur óneitanlega áhrif á starfsemi Útgefanda, þar sem stór hluti tekna félagsins kemur af sölu áfengra drykkja. Hækkan áfengisgjalda gæti leitt til þess að eftirspurn eftir vörum Ölgerðarinnar drægist saman.

Þá er samkvæmt lögum 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak ekki leyfilegt að selja áfengi í öðrum verslunum á Íslandi en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins („**ÁTVR**“) og er almenn sala í verslunum og stórmörkuðum því ekki heimil eins og tíðkast víða. Nýlega hefur borið á því að einkaaðilar reyni á túlkun laganna með sölu áfengis í vefverslunum sem þjónusta íslenska neytendur, jafnvel með lagerhaldi á Íslandi til þess að styðja skjótan afhendingartíma. Taki fyrrnefnd lög breytingum eða þróist túlkun ákvæða þeirra, t.d. í kjölfar dómsmála, gæti það gefið ýmsum aðilum kost á því að byrja að selja áfengi, hvort sem er í búðum eða vefverslunum. Þá ríkir einnig, samkvæmt sömu lögum, bann við að auglýsa áfengi á Íslandi. Ljóst er að breytingar á Áfengislögum og/eða afleiddum reglugerðum gætu haft áhrif á rekstur útgefanda, en ekki er hægt að meta hvert umfang þeirra gæti orðið.

Starfsemi Ölgerðarinnar lýtur jafnframt ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur framleiðslustöðva félagsins háð leyfisveitingu opinberra aðila. Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum, t.d. í tengslum við framleiðslu, innflutning, geymslu, dreifingu, meðhöndlun og sölu matvara. Ef tilskilin leyfi eru ekki veitt, ekki endurnýjuð með tilskildum hætti, eru afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt, kann það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið.

Ef í ljós kemur að starfsemi félagsins uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins, til að mynda þar sem orðspor félagsins bíður hnekki, félagið fær á sig sektir eða önnur viðurlög, eftirlitsaðilar grípa til annarra íþyngjandi úrræða gagnvart félaginu eða viðskiptavinir eða aðrir hagaðilar höfða dómsmál á hendur félaginu. Úrskurðir dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar ásamt breytingum á stjórnsýsluframkvæmd geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins, m.a. vegna framleiðslutafa og/eða stöðvun með tilheyrandi vöruskorti og tekjutapi.

### **Efnahagshorfur og þróun**

Náin tengsl eru á milli þróunar á mat- og drykkjarvörumarkaði og almennrar efnahagsþróunar. Niðursveifla í efnahagslífinu gæti haft neikvæð áhrif á veltu og hagnað félagsins. Auk þess geta sveiflur í efnahagslífinu breytt hegðun neytenda og þannig haft áhrif á veltu og hagnað félagsins, sérstaklega í öðrum geirum en smásölu, svo sem með fækken ferðamanna. Neikvæð þróun efnahagslegra þáttu líkt og þróun kaupmáttar, hagvaxtar, atvinnuleysis og ráðstöfunartekna heimila, getur verið áhyggjuefni fyrir Ölgerðina og önnur íslensk fyrirtæki.

Mikil verðbólga getur haft neikvæð áhrif á rekstur Ölgerðarinnar. Við slíkar aðstæður hækka útgjöld og engin trygging er fyrir því að hægt verði að mæta hækken kostnaðarverðs seldra vara og annarra útgjalda með verðhækjunum á þeim mörkuðum sem félagið starfar á. Meirihlut vöruframboðs Ölgerðarinnar samanstendur hins vegar af mat- og drykkjarvöru, sem er nauðsynjavara fyrir heimili og fyrirtæki. Tiltölulega stöðug eftirspurn á matvöru getur að einhverju marki dregið úr þeirri verðbólguáhættu sem fólgin er í starfsemi félagsins.

Þá er félagið einnig háð efnahagsaðstæðum og verðlagi í þeim löndum sem samstæða Ölgerðarinnar kaupir aðföng til innflutnings. Verðhækjun á aðföngum sem flutt eru inn til framleiðslu og/eða dreifingar hefur been áhrif á afkomu félagsins að því marki sem ekki er hægt að velta áfram í verðlag.

### **Samningsáhætta og mikilvægir samningar**

Flestir samningar Ölgerðarinnar um t.d. umboð og sölu, hvort sem ræðir innkaup heildsöluvara eða áframsölu þeirra og/eða eigin framleiðslu til endursöluaðila, eru byggðir á langtíma viðskiptasamböndum

og eru án skriflegra samninga líkt og tíðkast á þeim mörkuðum sem félagið starfar. Samningar og viðskiptasambönd félagsins við stærstu birgja og samstarfs- og söluaðila eru mikilvæg fyrir reksturinn.

Þá hefur félagið einnig framleiðsluumboð frá PepsiCo Inc., og tiltekin dótturfélög þess („**PepsiCo**“) sem tryggir Ölgerðinni einkarétt á framleiðslu gosdrykkja fyrirtækisins m.a. Pepsi, Pepsi Max og 7UP. Sambærilegt samkomulag við Carlsberg breweries AS („**Carlsberg**“) tryggir Ölgerðinni einkarétt á framleiðslu á Carlsberg og Tuborg bjór. Missi félagið umboðin eða verði verulegar breytingar á skilmálum þeirra getur það haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins, geti félagið ekki framleitt og selt vinsælar vörur.

Í núverandi samningi Ölgerðarinnar við PepsiCo er er kveðið á um að Ölgerðin skuli á hluthafafundi innleiða í samþykktir ákvæði sem kveður á um að fullrúar samkeppnisaðila í drykkjarframleiðslu, eða aðilar þeim tengdir, skulu ekki gjaldgengir til að taka sæti í stjórn Ölgerðarinnar eða gegna stjórnunarstöðu innan félagsins. Markmiðið með þessu samningsákvæði er að koma í veg fyrir að fullrúi samkeppnisaðila Ölgerðarinnar geti tekið sæti í stjórn félagsins eða gegnt stjórnunarstöðu. Samkeppnisaðili er skilgreindur hver sa aðili sem er eigandi alþjóðlegra vörumerkjá drykkja, eða sa aðili sem hefur öðlast réttindi frá eiganda alþjóðlega viðurkenndra vörumerkjá drykkja til að framleiðslu þeirra eða dreifingu. Í 16. gr. í samþykktum félagsins er að finna ákvæði sem fjallar efnislega um ofangreinda skuldbindingu Ölgerðarinnar gagnvart PepsiCo. m.t.t. þessa er riftunarákvæði í samningnum sem virkjast getur við annað tveggja tilvika:

- I. Ef aðili, sjálfur eða með þeim sem hann telst í samstarfi með, eignast beint eða óbeint 30% eða stærri hlut útgefins hlutafjár í féluginu; eða
- II. Ef fullrúi samkeppnisaðila í drykkjarframleiðslu sest í stjórn félagsins eða verður einn lykilstjórnenda félagsins.

Ljóst er að rekstur Ölgerðarinnar er því að einhverju leyti háður fyrnefndum framleiðsluumboðs samningum sem og samkomulagi um innflutning, þrátt fyrir sterkt framboð eigin vörumerkjá sem aukist hefur síðastliðin ár. Tapi félagið mikilvægum vörumerkjum úr vöruúrvali sínu gæti það haft þau áhrif að tekjur og markaðshlutdeild minnki, sérstaklega í tilfelli verðmætra vörumerkjá líkt og þeirra sem framleidd eru í umboði PepsiCo.

Á féluginu hvílir einnig samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði leigu- og fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu leigusalar og lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum, sem gæti haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið, t.d. gjaldfellingu lána eða leiguskuldbindinga. Láanasamningar félagsins innihalda skilmála sem lúta að fjárhagsstöðu, sjóðsstreymi og fjárfestingum félagsins auk þess sem féluginu er óheimilt að gera verulegar breytingar á starfsemi sinni. Brot gegn sérstökum lánaskilmálum kann að leiða til gjaldfellingar.

#### **Verðbréfalöggið**

Hlutabréf félagsins eru skráð á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og þarf félagið að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um markaði með fjármálagerninga á hverjum tíma, meðal annars ákvæðum laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um innherjaviðskipti og reglum fyrir útgefendorf fjármálagerninga sem gefnar eru út af Nasdaq Iceland.

Ef félagið bryti gegn framangreindum lögum eða reglum gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar og/eða Nasdaq Iceland veittu féluginu áminningu og beittu það jafnvæl físektum. Enn fremur gætu brot á umræddum reglum haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á hlutabréfum og öðrum verðbréfum þess. Alvarleg brot gætu leitt til þess að skuldabréf félugins yrðu tekin úr viðskiptum.

#### **Málaferli og ágreiningsmál**

Vegna stærðar og umfangs rekstrar samstæðunnar kann félagið á hverjum tíma að vera aðili að einhvers konar ágreiningsmálum sem upp koma af hálfu félagsins eða á hendur félagini. Ágreiningsmál geta verið af ýmsum toga og geta til dæmis snert viðskiptavini félagsins, birgja, starfsfólk, opinberar stofnanir og fleiri sem eru í samskiptum við félagið á hverjum tíma.

Frá því á árinu 2022 hefur Danól ehf. átt í deilum við skattayfirvöld vegna tollflokkunar á svokölluðum jurtaosti. Sá ágreiningur hefur leitt af sér endurákvörðun gjalda á innflutning Danól ehf. á umræddri vörum. Fjárhagsleg áhrif endurákvörðunarinnar komu fram í ársreikningi fyrir fjárhagsárið 2021 og 2022. Danól ehf. rekur nú fyrir dómi mál, í þeim tilgangi að fá tollflokkun yfirvalda hnekkt, en dómur í þá veru myndi að líkendum leiða til endurgreiðslu framangreindrar endurákvörðunar..

Ölgerðinni rekur einnig dómsmál vegna tollflokkunar á ákveðnum bragðtegundum af Somersby cider. Deilt er í málinu um þá niðurstöðu skattayfirvalda að flokka umræddar drykkjarvörur sem *blandaða drykki* sökum þess að vatni er bætt við vöruna í framleiðsluferlinu. Breytt tollflokkun af þeim sökum leiðir af sér álagningu áfengisgjalda í hærri gjaldflokk. Gerð hefur verið grein fyrir fjárhagslegum afleiðingum þessa í ársreikningi fyrir fjárhagsárið 2022.

Engin önnur stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) eru til staðar, eða hafa verið til staðar á síðustu tólf mánuðum, sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðu útgefanda.

### **Skattar**

Félagið er íslenskt hlutafélag og ber sem slíkt ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi. Skattlagning á tekjur lögaðila fer samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt ásamt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er nú 20%, hefur verið stöðugt undanfarin ár og hefur sértækum skattstofnum á fyrirtæki ekki fjölgæð.

Breyting á skattheimtu lögaðila og/eða öðrum opinberum gjöldum svo sem tollum og vörugjöldum, hvort sem beina eða óbeina skattheimtu sé að ræða, felur í sér áhættu í rekstri félagsins og kann að leiða til þess að félagið þurfi annaðhvort að velta kostnaðaráuka yfir í verðlag með tilheyrandi samdrætti í eftirspurn eða auka rekstrarkostnað sinn og þar með afkomu félagsins.

### 3 SKILMÁLAR SKULDASKJALANNA

Skilmálar skuldaskjalanna (hér eftir „**skilmálarnir**“) eru tilgreindir hér að neðan en þeir verða fullkláraðir í viðeigandi endanlegum skilmálum hverrar útgáfu. Skilmálarnir innihalda valmöguleika sem er lýst með skáletruðum texta í vinstri dálki eða innan hornklofa en upplýsingar, sem ekki voru þekktar við dagsetningu grunnlýsingarinnar, eru jafnframt innan hornklofa.

Í viðeigandi endanlegum skilmálum mun útgefandinn tilgreina hvaða valmöguleikar eiga við um hverja útgáfu með því að fylla inn þær upplýsingar sem ekki voru þekktar við dagsetningu grunnlýsingarinnar, þ.e. þær upplýsingar sem skilgreindar eru sem B og C upplýsingar í samræmi við 26. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 sem innleidd var með reglugerð 274/2020, um innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Grein 1:	<b>1. Útgefandi</b>
Á við í öllum tilfellum:	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.
	Heimilisfang: Grjótháls 7-11 , 110 Reykjavík, Ísland
	Kennitala: 420369-7789 Sími: +354 412 8000 Vefsíða: <a href="http://www.olgerdin.is">www.olgerdin.is</a> <sup>3</sup>

Grein 2:	<b>2. Nafnverðseiningar, heildarheimild, gjaldmiðill og fleira</b>
Á við í öllum tilfellum:	<p>Skuldaskjölin geta verið víxlar eða skuldabréf og eru gefin út í þeim gjaldmiðli sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum sem útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna. Gefin eru út skuldaskjöl hverju sinni að því nafnverði útgáfu sem tilgreint er í endanlegum skilmálum, en skuldaskjölin eru gefin út í nafnverðseiningum sem eru að lágmarki jafngildi EUR 100.000, eða þeirri fjárhæð sem undanþegin er gerð lýsingar vegna almennra útboða skv. ákvæðum laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020, sbr. c.-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Þar er einnig tilgreint nafnverð áður útgefinna skuldaskjala, hvort þau hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði og þá á hvaða markaði, heildarheimild til útgáfu skuldaskjala í sama flokki ásamt nafnverðseiningum skuldaskjalanna.</p> <p>Ákvæði skuldaskjalanna sem vísa til verðbréfanna eða viðkomandi skuldaskjalaflokks og eigenda þeirra skulu taka til allra verðbréfa í viðkomandi flokk verðbréfa sem eru útstandandi á hverjum tíma og í eigu annarra en útgefanda eða aðila innan samstæðu útgefanda.</p>

<sup>3</sup> Upplýsingar sem birtar eru á vefsíðu Ölgerðarinnar eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.

Grein 3: Á við í öllum tilfellum:	<p><b>3. Útgáfuform</b></p> <p>Skuldaskjölin eru nafnbréf, gefin út rafrænt hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum („verðbréfamiðstöð“). Útgefandi afhendir frumkaupendum skuldaskjölin rafrænt í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar gegn staðgreiðslu skv. greiðslufyrirmælum frumsöluaðila. Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá verðbréfamiðstöð þurfa eigendur að eiga vörlureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfæign sinni. Á vörlureikningi er haldið utan um verðbréfæign, viðskipti og greiðslur til eigenda. Engar hömlur eru á framsali skuldaskjalanna, en einungis er heimilt að framselja skuldaskjölin til nafngreinds aðila. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur skuldaskjalanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum skv. rafbréfi. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.</p> <p>Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldaskjalaflokks. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð ef greiðslufall verður á floknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamiðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram. Skuldaskjölin verða afskráð úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.</p>
--------------------------------------	--

Grein 4: Á við í öllum tilfellum:	<p><b>4. Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna</b></p> <p>Útgefanda og umboðsmanni kröfuhafa er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur skuldaskjalanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og þeim reikningsstofnunum þar sem verðbréfin eru geymd á vörlureikningum.</p>
--------------------------------------	--

Grein 5: Á við í öllum tilfellum:	<p><b>5. Greiðsluform</b></p> <p>Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af verðbréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur, eftir því sem við á samkvæmt endanlegum skilmálum verðbréfanna, til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur verðbréfanna hafa falið vörsu á verðbréfum sínum. Greiðslur verða inntar af hendi í samræmi við skráða eign hvers verðbréfæiganda á gjalddaga. Með vörlureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörlureikninga eigendanna, þar sem verðbréfin eru í vörsu. Útgefandi er útreikningsaðili vegna skuldaskjalanna og annast allan útreikning á greiðslum, þar með talið á afbonganum, vöxtum og verðbótum. Útgefanda er frjálst að kaupa þjónustu vegna útreikninga frá þriðja aðila, en ábyrgð á útreikningum er alfarið á útgefanda.</p> <p>Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun verðbréfæiganda hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til þess dags er greiðslu er vitjað.</p>
--------------------------------------	---

Grein 6: Ef skuldaskjölin eru verðtryggð skuldabréf á þessi kafli við:	<b>6. Verðtrygging</b>
Grein 6.1: Ef skuldaskjölin eru verðtryggð skuldabréf á eftirfarandi við:	Skuld skv. skuldabréfunum er bundin vísitölu neysluverðs sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995 („verðtryggingarvísitalan“) með grunnvísitölugildið sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Höfuðstóll skuldabréfanna breytist í hlutfalli við breytingar á verðtryggingarvísitolunni frá grunnvísitölugildi fram til vísitölugildis (eins og tilgreint er hér að neðan) á fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á milli síðari gjalddaga.
Grein 6.1(a): Ef vísitölugildi er <b>dagvísitala</b> á eftirfarandi við:	Vísitölugildi hvers gjalddaga er reiknað með línulegri brúun milli gildis verðtryggingarvísitolunnar („ <b>dagvísitölu</b> “) sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir og gildis verðtryggingarvísitolunnar í næsta mánuði þar á eftir. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga í hlutfalli við breytingar á vísitölunni, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.  Eftirfarandi jafna skilgreinir útreikning hvers dagvísitölugildis: $V_d^* = V_M + \frac{d}{D} (V_{M+1} - V_M)$ Þar sem: $M =$ sá mánuður sem gjalddagi tilheyrir $d =$ fjöldi daga frá upphafsdegi mánaðar M fram til gjalddaga, byggt á dagareglunni 30/360 $D =$ fjöldi daga í mánuði M, byggt á dagareglunni 30/360 $V_d^* =$ dagvísitala á vaxtagjalddaga $V_M =$ gildi verðtryggingarvísitolunnar í mánuði M $V_{M+1} =$ gildi verðtryggingarvísitolunnar í næsta mánuði á eftir mánuði M Notast er við fimm aukastafi við útreikning á dagvísitölu og verðbótastuðli og sex aukastafi við útreikning á afleiddu uppgjörsverði. Hefðbundnar námundunarreglur gilda.
Grein 6.1(b): Ef vísitölugildi er <b>mánaðar-vísitala</b> á eftirfarandi við:	Vísitölugildi hvers gjalddaga er það gildi verðtryggingarvísitölu sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir.  Notast er við fimm aukastafi við útreikning á dagvísitölu og verðbótastuðli og sex aukastafi við útreikning á afleiddu uppgjörsverði. Hefðbundnar námundunarreglur gilda.

Grein 7:	<b>7. Vextir</b>
Grein 7.1: Ef skuldaskjölin eru víxlar á eftirfarandi við	Víxlarnir eru vaxtalausir og seldir með forvaxtafyrirkomulagi

<p>Grein 7.2: Ef skuldaskjölin eru skuldabréf á eftirfarandi við:</p>	<p>Greiðsla vaxta skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í endanlegum skilmálum skuldabréfanna.</p> <p>Ef gjalddagi vaxta lendir á degi þar sem bankar eru almennt lokaðir á Íslandi færst greiðsla vaxta til næsta dags á eftir þar sem slíkt á ekki við.</p>
<p>Grein 7.2(a): Ef skuldabréfin bera fasta vexti á eftirfarandi við:</p>	<p>Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðir útgefandi fasta ársvexti eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.</p>
<p>Grein 7.2(b): Ef skuldabréfin bera breytilega vexti á eftirfarandi við:</p>	<p>Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast breytilegir vextir eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Breytilegu vextir eru ákvarðaðir af viðmiðunarvöxtum auk álags eða frádrags sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.</p> <p>Fyrir hvert vaxtatímabil skal ákvarða gildi viðmiðunarvaxta sem gilda skal umrætt vaxtatímabil. Í endanlegum skilmálum er tiltekið með hve löngum ákvörðunarfyrirvara skal ákvarða gildið og er fyrirvarinn tiltekinn í fjölda daga fyrir upphaf tímabilsins og taka mið af skráningu viðkomandi viðmiðunarvaxta eins og tilgreint er í því upplýsingakerfi sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.</p>
	<p>(i) Viðmiðunarvextir taka mið af vöxtum á millibankamarkaði</p> <p>Í endanlegum skilmálum kemur fram við hvaða millibankavexti skuli miða og til hversu langa tíma.</p> <p>Verði birtingu viðkomandi viðmiðunarvaxta, sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum, hætt að öllu leyti eða fyrir þá lengd vaxtatímabila sem eiga við, skal útgefandi leggja til við umboðsmann kröfuhafa nýtt vaxtaviðmið sem tekur við af því, sem skal taka mið af vöxtum á sama markaði og á sambærilegum lánum að mati útgefanda. Hið breytta vaxtaviðmið skal borið undir kröfuhafafund til samþykktar</p> <p>(ii) Viðmiðunarvextir taka mið af ávöxtunarkröfu á skuldabréfaflokk sem skráður er á skipulegan markað</p> <p>Í endanlegum skilmálum kemur fram við ávöxtunarkröfu hvaða skuldabréfaflokks skuli miðað, þ.e. auðkenni skuldabréfaflokkssins, nafn og land skipulegs markaðar þar sem skuldabréfaflokkurinn hefur verið tekinn til viðskipta. Ef viðmiðunarflokkur er tekinn úr viðskiptum skal útgefandi leggja til við umboðsmann kröfuhafa nýjan viðmiðunarflokk sem skal borinn undir kröfuhafafund til samþykktar.</p> <p>(iii) Viðmiðunarvextir taka mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands</p> <p>(iv) Viðmiðunarvextir taka mið af öðrum vöxtum einsog nánar greinir í endanlegum skilmálum hverju sinni</p>
<p>Grein 7.3: Ef skuldaskjölin eru skuldabréf á eftirfarandi við:</p>	<p>Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur á deginum fyrir upphafsdag annars vaxtatímabils eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Eftir það skal hvert vaxtatímabil vera ákveðnir dagar eða mánuðir til lokajalddaga eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.</p>
<p>Grein 7.4: Á við í öllum tilfellum:</p>	<p>Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við þá dagareglu sem tilgreind er í endanlegum skilmálum.</p>

Grein 7.5: Á við í öllum tilfelli	Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldaskjölunum ber honum að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila. Undantekning er ef gjalddagi víxlanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.
--------------------------------------	--

Grein 8:	<b>8. Endurgreiðsla höfuðstóls</b>
Grein 8.1: Ef skuldaskjölin eru víxlar eða skuldabréf með einni afborgun höfuðstóls á eftifarandi við:	Höfuðstóll verður endurgreiddur með einni greiðslu á þeim degi sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum.
Grein 8.2: Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar greiðslur höfuðstóls og vaxta, og tegund vaxta er fastir vextir á eftifarandi við:	Höfuðstóll verður endurgreiddur með jafngreiðsluaðferð ( <i>e. annuity</i> ) eftir því sem greinir í endanlegum skilmálum, þar sem sagt er til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga.

Grein 8.2(a): Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar greiðslur verðtryggðs höfuðstóls á eftifarandi við:	Eftifarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga: $A = \frac{r(1 + r)^{k-1}}{(1 + r)^n - 1} \times (h \times IR)$ Þar sem: A = fjárhæð hvírrar afborgunar höfuðstóls h = höfuðstóll IR = vísitala á gjalddaga/grunnvísitala r = grunnvextir / (fjöldi afborgana á ári) n = heildarfjöldi afborgana k = fjöldi greiddra afborgana + 1
---	---

<p>Grein 8.2(b):</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með fasta vexti, jafnar greiðslur óverðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning vaxta og afborgana á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times h$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls</p> <p>h = höfuðstóll</p> <p>r = grunnvextir / (fjöldi afborgana á ári)</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana</p> <p>k = fjöldi greiddra afborgana + 1</p>
<p>Grein 8.3:</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar afborganir höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Greiðsla höfuðstóls skal vera með jöfnum afborgunum eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum, þar sem sagt er til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga.</p>
<p>Grein 8.3(a):</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar afborganir verðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{h}{n} \times IR$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls</p> <p>h = höfuðstóll</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana</p> <p>IR = vísalala á gjalddaga/grunnvísalala</p>
<p>Grein 8.3(b):</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með jafnar afborganir óverðtryggðs höfuðstóls á eftirfarandi við:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{h}{n}$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstóls</p> <p>h = höfuðstóll</p> <p>n = heildarfjöldi afborgana</p>
<p>Grein 8.4:</p> <p>Ef skuldaskjölin eru skuldabréf með óreglulegu greiðsluflæði á eftirfarandi við:</p>	<p>Greiðsla höfuðstóls skal vera með óreglulegum hætti eins og nánar er tilgreint í endanlegum skilmálum hverju sinni.</p>

Grein 8.5: Ef skuldaskjölin eru skuldabréf og uppgreiðsluheimild er ekki fyrir hendi á eftifarandi við:	Útgefanda er óheimilt að taka einhliða ákvörðun um að endurgreiða höfuðstól verðbréfanna hraðar á líftíma verðbréfanna en samningsbundnar greiðslur skv. skilmálum skuldaskjalanna segja til um.
Grein 8.6: Ef skuldaskjölin eru skuldabréf og uppgreiðsluheimild er fyrir hendi á eftifarandi við:	Skuldabréfin geta innihaldið ákvæði um heimild útgefanda til að greiða upp skuldabréfin hraðar eða að fullu áður en að samningsbundnum lokajalddaga kemur, annaðhvort gegn greiðslu umframgreiðslugjalds eður ei eftir því sem fram kemur í viðeigandi endanlegum skilmálum.

Grein 9:	<b>9. Tryggingar og ábyrgðir</b>
Grein 9.1: Ef skuldaskjölin eru óveðtryggð á eftifarandi við:	Skuldaskjölin eru óveðtryggð. Eigendur skuldaskjalanna gerast þó með kaupum á skuldaskjölunum aðilar að samningi við umboðsmann kröfuhafa sem kemur fram fyrir þeirra hönd samkvæmt nánari lýsingu í grein 18 hér að neðan.
Grein 9.2: Ef skuldaskjölin eru veðtryggð samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu:	<p>Með tryggingafyrirkomulaginu er átt við tryggingafyrirkomulag sem útgefandi kann að stofna til með gerð veðhafasamkomulags, útgáfu tryggingabréfs og gerð þjónustusamnings við umboðsmann kröfuhafa. Komi til pessa mun útgefandi tilkynna það með viðeigandi hætti til Kauphallar. Ákvæði framangreindra skjala munu gilda (eftir því sem við á) um þær skuldbindingar sem fara undir tryggingafyrirkomulagið og verða skjölin gerð aðgengileg á vefsíðu útgefanda, <a href="https://www.olgerdin.is/fjarfestar">https://www.olgerdin.is/fjarfestar</a>. Hugtök þau sem notuð eru í tengslum við tryggingafyrirkomulagið eru samkvæmt skilgreiningum þeirra eins og þær koma fram í veðhafasamkomulaginu og tryggingabréfunum.</p> <p>Slík skuldabréf njóta trygginga til jafns við aðrar skuldbindingar í sama skuldaskjalaflokki undir tryggingafyrirkomulaginu sem útgefandi kann að gefa út. Felur það í sér að eigendur skuldabréfanna á hverjum tíma gerast með kaupum á skuldabréfunum sjálfkrafa aðilar að veðhafasamkomulaginu og tryggingabréfunum. Í því eru tilgreindar þær tryggingar sem settar hafa verið fyrir kröfum samkvæmt skuldabréfunum og lánveitingum annarra lánadrottna sem gerast aðilar að tryggingafyrirkomulaginu. Í veðhafasamkomulaginu er að finna ákvæði um form og efni kröfuhafafunda, samþykkishlutföll og með hvaða hætti og undir hvaða skilyrðum er hægt að ganga að veðandlaginu. Skuldabréfaeigendur hafa þannig ekki einhliða rétt til að ganga að þeim tryggingum sem settar eru fyrir kröfum þeirra samkvæmt skuldabréfunum. Á fyrirkomulag þetta að tryggja öllum lánadrottnum sem aðilar eru að því á sama veðrétti, jafnan rétt til veðandlagsins. Tryggingafyrirkomulagið kann að gera útgefanda kleift að gefa út skuldaskjöl sem hvíla á fleiri en einum veðrétti.</p> <p>Samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu munu allir veðsalar undir tryggingabréfinu gangast í ábyrgð fyrir skuldbindingum útgefanda undir skuldabréfaflokknum. Er um sjálfsskuldarábyrgð að ræða þar sem skuldabréfaeigendur geta gengið beint að ábyrgðaraðila vegna vanefnda útgefanda án þess að hafa gengið að fullu að útgefanda áður.</p>

	<b>10. Kröfur jafnrétháar (<i>e. pari passu</i>)</b>
Grein 10: Á við í öllum tilfellum:	Kröfur kröfuhafa á hendur útgefanda skv. skuldaskjölum þessum skulu ávallt standa jafnar innbyrðis. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til kröfuhafa í þeim flokki sem skilmálar þessir taka til, nema sama hlutfall sé greitt til allra kröfuhafa sama flokks.  Prátt fyrir framangreind ákvæði um jafnrétháar kröfur hefur útgefandi heimild til að kaupa á markaði skuldaskjöl útgefin af honum sjálfum enda séu kaupin gerð á grundvelli útboðsfyrirkomulags þar sem öllum eigendum skuldaskjalanna býðst að selja bréf sín hlutfallslega. Slík endurkaup eru þó ekki heimil ef heimild hefur stofnast til gjaldfellingar skuldaskjalanna eða útgefanda má vera ljóst að skilmálar þeirra verði brotnir með þeim hætti að heimild stofnist til gjaldfellingar.

Grein 11	<b>11. Staða í kröfuröð</b>
Grein 11(a): Á við ef skuldaskjölin eru óveðtryggð:	Kröfur samkvæmt skuldaskjölum þessum standa jafnar öðrum almennum kröfum á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu samhliða almennum kröfum, en á undan öllum víkjandi kröfum og kröfum til endurgreiðslu hlutafjár.
Grein 11(b): Á við ef skuldaskjölin eru veðtryggð:	Kröfur samkvæmt skuldaskjölum þessum standa jafnar á þeim veðrétti sem tilgreindur er í þeim eignum sem tilgreindar eru sem veðandlag í veðhafasamkomulagi. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu þannig á undan almennum og víkjandi kröfum og kröfum til endurgreiðslu hlutafjár.

Grein 12	<b>12. Löggjöf um útgáfuna</b>
Grein 12(a): Á við ef skuldaskjölin eru skuldabréf:	Um skuldabréfin gilda meðal annars lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og jafnframta óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar. Jafnframt gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu eftir því sem við á.  Kröfur samkvæmt skuldabréfum og kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnast á tíu árum frá gjalddaga sé fyrningu ekki slitið innan þess tíma skv.  1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, með þeirri undantekningu að kröfur um vexti og verðbætur skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum, skv. 3. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.  Ekki er lagt stimpilgjald á skuldabréfin við útgáfu þeirra.
Grein 12(b): Á við ef skuldaskjölin eru víxlar:	Um víxlana gilda meðal annars víxillög nr. 93/1933, lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Jafnframt gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu eftir því sem við á. Jafnframt gilda óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.  Ekki er lagt stimpilgjald á víxlana við útgáfu þeirra.

	<b>13. Yfirlýsingar</b>
Grein 13:  Ef við á um skuldaskjölin:	<p>Útgefandi lýsir því yfir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>A. að útgefandi er félag, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum. Útgefandi ræður yfir eigin eignum og ræður sinni starfsemi eins og hún er rekin.</li> <li>B. að hann hefur staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig skv. ákvæðum skuldaskjalanna og uppfylla ákvæðin og að þau séu því skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti;</li> <li>C. að aðild að, og efndir útgefanda á skuldaskjölum þessum, brýtur ekki í bága við nein lög eða reglugerðir, dómsúrskurði eða úrskurði yfirvalda, stofnskjöl útgefanda, eða neinum öðrum samningi eða löggerningi sem er bindandi fyrir útgefanda eða eignir hans.</li> <li>D. að á dagsetningu þessara endanlegu skilmála séu allar fjárhagslegar skuldbindingar hans í skilum og engar gjaldfellingarheimildir séu virkar gagnvart honum;</li> <li>E. að engar upplýsingar sem koma fram í þessum endanlegu skilmálum, eða öðru efni sem útgefandi hefur gefið út í tengslum við efni þeirra, eru rangar eða misvísandi.</li> </ul>
Grein 14:  Ef við á um skuldaskjölin:	<p><b>14. Upplýsingakvaðir</b></p> <p><b>Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa:</b> Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda umboðsmanni kröfuhafa afrit þeirra skjala sem tilgreind eru hér á eftir uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd. Birting í fréttakerfi Nasdaq Iceland telst fullnægjandi afhending skjala samkvæmt þessum skilmála.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>A. <b>Endurskoðaður ársreikningur.</b> Endurskoðaður ársreikningur fyrir samstæðu útgefanda fyrir hvert fjárhagsár sem endar eftir útgáfudag viðkomandi skuldaskjala, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórnum útgefanda og innan þeirra tímamarka sem reglur Kauphallar og lög kveða á um.</li> <li>B. <b>Hálfssársreikningur.</b> Hálfssársreikningur fyrir fyrstu sex mánuði rekstrarársins fyrir hvern árshelming sem endar eftir útgáfudag viðkomandi skuldaskjala, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórnum útgefanda og innan þeirra tímamarka sem reglur Kauphallar og lög kveða á um.</li> <li>C. <b>Staðfestir reikningar.</b> Stjórnum og forstjóri útgefanda skulu staðfesta að viðeigandi ársreikningur og hálfssársreikningur gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar, í lok hvers reikningstímabils og rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á viðkomandi reikningstímabili.</li> <li>D. <b>Form reiknings.</b> Útgefandi skal sjá til þess að viðeigandi ársreikningur og árshlutareikningur séu útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu á hverjum tíma.</li> </ul>

<p>14.2: Ef við á um skuldaskjölin:</p>	<p><b>Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila:</b> Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila neðangreindar skýrslur, undirritaðar af forstjóra eða fjármálastjóra útgefanda, uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd:</p> <p>A. Skýrslu um fjárhagslegar kvaðir innan tveggja vikna frá því útgefandi afhendir umboðsmanni kröfuhafa endurskoðaðan ársreikning.</p> <p>B. Skýrslu um fjárhagslegar kvaðir innan tveggja vikna frá því útgefandi afhendir umboðsmanni kröfuhafa hálfssársreikning samkvæmt skilmálum.</p> <p>Framangreindar skýrslur skulu sendar staðfestingaraðila með þeim hætti sem kveðið er á um í samningi við staðfestingaraðila.</p>
---	---

<p>Grein 15: Ef við á um skuldaskjölin:</p>	<p><b>15. Almennar kvaðir</b></p> <p>Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru hér á eftir, þangað til skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd:</p> <p>A. <b>Tilkynning um vanefndir til umboðsmanns.</b> Útgefandi skal tilkynna umboðsmanni kröfuhafa um hvers kyns vanefndir á skilmálum skuldaskjalanna ásamt þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta úr þeim (ef við á), um leið og hann verður þeirra var.</p> <p>B. <b>Greiðsla skatta.</b> Útgefandi skal greiða skatta og önnur opinber gjöld eigi síðar en á gjalddaga, nema ef hann telur skattaaðlagningu umdeilanlega og setur ágreining sinn í viðeigandi ágreiningsferli í góðri trú innan sanngjarns og eðlilegs tíma. Skal hann þá halda til haga fjárhæð sem talist gæti eðlileg samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðslu slíkra umdeilda skatta eða gjalda.</p> <p>C. <b>Endurskoðendur.</b> Endurskoðendur útgefanda skulu vera löggiltir endurskoðendur.</p> <p>D. <b>Breytingar á starfsemi eða tilgangi útgefanda.</b> Útgefandi skal sjá til þess, innan þeirra marka sem honum er unnt, að ekki verði gerðar breytingar á tilgangi samkvæmt sampykktum eða breytingar á starfsemi sem ekki rúmast innan tilgangs samkvæmt sampykktum sem haft gætu verulega neikvæð áhrif á rekstur og afkomu útgefanda, frá því sem er á útgáfudegi skuldaskjalanna.</p> <p>E. <b>Skuldajöfnuður óheimill.</b> Allar upphædir sem koma skulu til greiðslu frá útgefanda vegna skuldaskjalanna skulu inntar af hendi án nokkurs frádráttar vegna skatta, skuldajafnaðar eða gagnkrafna.</p>
---	---

<p>Grein 16: Ef við á um skuldaskjölin:</p>	<p><b>16. Fjárhagsleg skilyrði</b></p> <p>Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim fjárhagslegu skilyrðum sem tilgreind eru hér eftir. Prófunardagar fyrir fjárhagsleg skilyrði eru tvísvar á ári og eru prófanir byggðar á hálfssárs- og ársuppgjöri.</p>
<p>Grein 16.1: Ef við á:</p>	<p><b>Nettó skuldir/EBITDA (e. Net debt/EBITDA):</b> Hlutfall vaxtaberandi skulda að frádegnum handbæru fé og ígildi handbærs fjár á móti EBITDA á hverjum prófunardegi skal ekki vera hærra en það viðmið sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Með vaxtaberandi skuldum er átt við allar skuldir útgefanda sem bera vexti óháð því hver er eigandi slískrar kröfu. Með ígildi handbærs fjár er átt við peningalegar eignir í peningamarkaðsskjölum og lausafjársjóðum. Með EBITDA er átt við rekstrarhagnaði útgefanda, fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (e. EBITDA) á undanförnum 12 mánuðum fyrir prófunardag.</p>

Grein 16.2: Ef við á:	<b>Eiginfjárlutfall:</b> Eiginfjárlutfall skal á hverjum prófunardegi nema að lágmarki því viðmiði sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Eiginfjárlutfall er skilgreint sem hlutfall heildar eigin fjár útgefanda á móti heildareignum samstæðu útgefanda
Grein 16.3: Ef við á:	<b>Lánaþekja</b> ( <i>e. Loan-to-value</i> ): Lánaþekja skal á hverjum prófunardegi ekki vera hærri en það viðmið sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Lánaþekja er skilgreind sem hlutfall allra skuldbindinga sem tryggðar eru með veðandlaginu á móti virði þeirra eigna sem tilheyra veðandlaginu.

Grein 17: Ef við á um skuldaskjölin:	<b>17. Vanefndartilvik</b>
Grein 17.1: Ef við á um skuldaskjölin:	<p>A. <b>Greiðsludráttur.</b> Hafi útgefandi ekki innt af hendi sammingsbundnar afborganir samkvæmt skuldaskjölunum innan 15 (fimmtán) daga eftir gjalddaga, nema í þeim tilvikum þar sem greiðsludrátt er alfarið hægt að rekja til óviðráðanlegra teknilegra þáttu eða þáttu er varða umsýslu, greiðslumiðlun og/eða sambærileg atriði, enda eigi greiðsla sér þá stað innan 15 (fimmtán) daga frá því að leyst var úr tæknilegum þáttum eða umsýsluatriðum, í báðum tilfellum á réttum stað og í réttum gjaldmiðli.</p> <p>B. <b>Brot á almennum kvöðum og skilmálum.</b> Ef útgefandi uppfyllir ekki önnur skilyrði um almennar kvaðir og skilmála skuldaskjala þessara og útgefandi hefur ekki bætt úr vanefndinni innan 35 (þrjátíu og fimm) daga frá því að umboðsmaður kröfuhafa tilkynnir útgefanda skriflega um brotið eða útgefandi verður þess var, hvort heldur sem gerist fyrr.</p> <p>C. <b>Rangar yfirlýsingar.</b> Ef yfirlýsing, staðfesting eða fullyrðing sem útgefandi hefur gefið eða endurtekur í sambandi við útgáfu skuldaskjala þessara, sbr. „Yfirlýsingar“ hér að framan, reynist vera röng að verulegu leyti þegar hún er gefin eða talin vera gefin eða endurtekin, nema útgefandi geti sýnt fram á að slík röng yfirlýsing eða staðfesting hafi verið veitt fyrir mistök eða óviljandi og útgefandi geti leiðrétt áhrif hinnar röngu yfirlýsingar eða staðfestingar innan 35 (þrjátíu og fimm) daga frá því að útgefanda varð ljóst að yfirlýsingin var röng.</p> <p>D. <b>Vanefndir annarra skuldbindinga.</b> Ef útgefandi innir ekki af hendi á gjalddaga greiðslu samkvæmt einhverjum samningi eða samningum sem leggur á útgefanda greiðsluskyldu og samningurinn hafi annað hvort verið gjaldfelldur eða gjaldfellingarheimild hefur myndast, enda sé samtala þeirra skulda sem gjaldfallin er eða heimilt er að gjaldfella, hærri en kr. 300.000.000, nema slík vanefnd stafi af réttlætanlegum mótmælum af hálfu útgefanda og eðlilegum vörnum sé haldið uppi.</p> <p>E. <b>Fullnustuaðgerðir.</b> Ef árangurslaust fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans, óskað er eftir greiðslustöðvun eða útgefandi leitar nauðsamninga eða eignir hans auglýstar á nauðungarsölu, nema útgefandi haldi uppi eðlilegum vörnum.</p> <p>F. <b>Ógjalfærni.</b> Ef útgefandi verður að lögum ekki talinn geta staðið í skilum við lánardrottna sína þegar kröfur hans falla í gjalddaga, telst ógjalfær, viðurkennir að hann geti ekki greitt skuldir sínar á gjalddaga, hættir greiðslu á öllum eða einhverjum tegundum skulda sinna eða lýsir yfir fyrirætlun sinni þess efnis, fær greiðslustöðvun vegna skulda sinna, eða gengur til samninga við einn eða fleiri lánardrottna um endurskipulagningu eða endursamninga á skuldum sínum vegna fjárhagslegra</p>

	<p>örðugleika.</p> <p>G. <b>Starfsemi hætt.</b> Ef útgefandi hættir, eða hótar að hætta, öllum eða verulegum hluta starfsemi sinnar.</p> <p>H. <b>Áritun með fyrirvara.</b> Ef endurskoðendur útgefanda gera verulega fyrirvara á áritun sinni á endurskoðaða ársreikninga útgefanda eða árshlutauppgjör.</p> <p>I. <b>Skráning á skipulegan markað.</b> Ef skuldaskjöl þessi hafa ekki verið tekin til viðskipta (skráð) innan 12 (tólf) mánaða frá útgáfudegi skuldaskjalanna.</p> <p>J. <b>Afskráning skuldaskjala.</b> Ef skuldaskjöl þessi (eftir að þau hafa verið skráð) eru tekin úr viðskiptum (afskráð) af skipulegum markaði.</p>
Grein 17.2: Ef skuldaskjölin eru skuldabréf á eftirfarandi við:	<p>Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim vanefndatilvikum sem tilgreind eru hér á eftir, þangað til skuld samkvæmt skuldabréfunum er að fullu greidd.</p> <p>A. <b>Brot á fjárhagslegum skilyrðum.</b> Ef útgefandi uppfyllir ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem fram koma í endanlegum skilmálum, nema bætt sé úr vanefndinni innan 35 daga, nema ef um greiðslufall er að ræða, en þá er fresturinn 15 (fimmtán) dagar. Tilskilinn frestur til úrbóta samkvæmt ofangreindu reiknast frá því að umboðsmaður kröfuhafa tilkynnir útgefanda skriflega um brotið eða útgefandi vissi eða mátti vita um brotið, hvort heldur sem gerist fyrr.</p> <p>B. <b>Brot á umboðssamningi eða samningi við staðfestingaraðila.</b> Ef útgefandi uppfyllir ekki þær skyldur sem á hann eru lagðar samkvæmt samningi við umboðsmann kröfuhafa eða samningi við staðfestingaraðila, nema hægt sé að bæta úr vanefndinni og bætt sé úr henni innan 35 (þrjátíu og fimm) daga.</p>
Grein 17.3 Ef við á um skuldaskjölin:	<p>Ef vanefndatilvik, eins og það er skilgreint hér að framan og/eða fram kemur í endanlegum skilmálum að eigi við, hefur átt sér stað, og ekki hefur verið bætt úr innan tilskilinna tímamarka, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar eins fljótt og auðið er til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldaskjölin. Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefndatilvik, þá ber honum skylda til að boða til kröfuhafafundar</p> <p>Einungis er unnt að taka ákvörðun um gjaldfellingu á kröfuhafafundi og hefur því enginn kröfuhafi sjálfstæðan, einhliða rétt til að gjaldfella skuldaskjöl í sinni eigu, þrátt fyrir að vanefndatilvik hafi átt sér stað. Um form og efni kröfuhafafundar, samþykkishlutföll og annað fer eftir ákvæðum í grein 18 og umboðssamningi við umboðsmann kröfuhafa, en dagsetning gildandi sammings skal tiltekin í endanlegum skilmálum skuldabréfanna.</p>

	<p><b>18. Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða</b></p>
Grein 18.1: Ef við á:	<p><b>Umboðsmaður kröfuhafa</b></p> <p>a) <i>Almennt og skipun</i></p> <p>Upplýsingar um umboðsmann kröfuhafa í skuldaskjalaflokki sem er óveðtryggður ásamt auðkenni skuldaskjalafloksins verður tilgreint í endanlegum skilmálum. Um skipun umboðsmanns kröfuhafa fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála auk umboðssamnings sem tilgreindur er með dagsetningu í endanlegum skilmálum. Umboðssamningurinn er hluti af endanlegum skilmálum skuldaskjala í þeim skuldaskjalaflokki. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla kröfuhafa verðbréfa sem tilheyra skuldaskjalautgáfunni. Útgefandi ber allan kostnað af störfum umboðsmanns kröfuhafa. Þrátt fyrir að umboðsmaður kröfuhafa sé í upphafi skipaður af útgefanda eru starfsskyldur hans þó alfarið gagnvart kröfuhöfum, og öðrum sem eiga kröfur sem tryggðar eru samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu. Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er ekki heimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um í umboðssamningi.</p>

	<p>Kröfuhafar geta tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að segja umboðsmanni kröfuhafa upp störfum og fela útgefanda að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa. Vilji umboðsmaður kröfuhafa láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.</p> <p>Umboðsmaður kröfuhafa skal vera óháður samstæðunni í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa er óheimilt að taka að sér störf eða verkefni fyrir samstæðuna á gildistíma umboðssamningsins, sem fara í bága við almennar hagsmunaárekstrareglur umboðsmanns og eftir atvikum, viðkomandi fagfélag umboðsmanns á hverjum tíma. Framangreint kemur ekki í veg fyrir að umboðsmaður kröfuhafa taki að sér hlutverk staðfestingaraðila, enda eru skyldur umboðsmanns kröfuhafa í þágu kröfuhafa en ekki samstæðunnar.</p> <p>Umboðsmaður kröfuhafa skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu og skal hann vera lögmannsstofa, endurskoðunarskrifstofa, annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði með fullnægjandi þekkingu á verðbréfamarkaði og fjármögnum sambærilegra félaga og útgefanda og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, m.a. með tilliti til stærðar og rekstraröryggis. Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt á meðan hann gegnir hlutverki umboðsmanns kröfuhafa vera með lögbundna og gilda starfsábyrgðartryggingu gagnvart tjóni sem kann að hljótast af störfum hans.</p> <p>Við kaup á skuldaskjölum í flokki þessum gerast kaupendur skuldaskjalanna (hér eftir „<b>kröfuhafar</b>“ eða „<b>eigendur</b>“) sjálfkrafa aðilar að umboðssamningi við umboðsmann kröfuhafa sem skipaður er til að koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart útgefanda, og njóta þeir réttar og bera skyldur samkvæmt honum. Með því að kaupa skuldaskjöl, hvort sem við upphaflega útgáfu skuldaskjalanna eða við síðari sölu, samþykkir viðkomandi kröfuhafi fyrir sitt leyti framangreint fyrirkomulag og efni umboðssamnings viðkomandi flokks skuldaskjala. Viðkomandi kröfuhafar veita umboðsmanni kröfuhafa þar með fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem honum eru faldar með umboðssamningnum.</p> <p>Gildandi umboðssamning vegna umboðsmanns kröfuhafa á hverjum tíma má nálgast á heimasíðu útgefanda, <a href="https://www.olgerðin.is/fjarfestar">https://www.olgerðin.is/fjarfestar</a>.</p> <p><i>b) Hlutverk og skyldur umboðsmanns kröfuhafa</i></p> <p>Um hlutverk, skyldur og trúnað umboðsmanns kröfuhafa fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála skuldaskjalanna og umboðssamningsins. Meginhlutverk umboðsmanns kröfuhafa er að gæta hagsmuna þeirra eigenda verðbréfa sem gefin hafa verið út undir viðkomandi flokki og koma fram fyrir hönd þeirra og skal hann gæta hagsmuna allra kröfuhafa jafnt.</p> <p>Umboðsmaður kröfuhafa hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem honum eru fengin á grundvelli umboðssamningsins. Umboðsmaður kröfuhafa skal í störfum sínum gæta hagsmuna allra kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila. Jafnframt skal umboðsmaður kröfuhafa gæta þess í störfum sínum að mismuna ekki kröfuhöfum og að allir kröfuhafar njóti hlutfallslega jafns réttar innbyrðis.</p> <p>Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa í öllum samskiptum við útgefanda er snúa að hverjum verðbréfaflokki.</p> <p>Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefnd útgefanda á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldaskjölunum skal hann senda áskorun til útgefanda um að bæta úr vanefnd inna tilskilins frests ef við á. Verði ekki bætt úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka eða ef ekki er hægt að bæta úr vanefndartilviku skal hann boða til fundar kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa skal einnig boða til kröfuhafafundar telji hann nauðsynlegt eða æskilegt að bera undir kröfuhafa málefni sem tengjast umboðssamningnum eða skuldaskjölunum. Ákveði fundur kröfuhafa, með tilskildum atkvæðafjölda, að gjaldfella skuldaskjölum skal umboðsmaður kröfuhafa sjá um innheimtu skuldaskjalanna. Allar greiðslur sem umboðsmaður kröfuhafa móttékur skal hann afhenda kröfuhöfum í hlutfalli við útistandandi kröfur þeirra eins fljótt og auðið er og að jafnaði innan 3 bankadaga. Ef útgefandi skiptir um umboðsmann kröfuhafa krefst það þess að tiltekið samþykkishlutfall kröfuhafa (tilgreint í endanlegum skilmálum) miðað við</p>
--	--

	<p>fjárhæð samþykki nýjan umboðsmann.</p> <p><i>c) Fundur kröfuhafa</i></p> <p>Um fund kröfuhafa fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála skuldaskjalanna og umboðssamningi umboðsmanns kröfuhafa við útgefanda. Hér á eftir fer samantekt á ákvæðum er varða fund kröfuhafa samkvæmt umboðssamningnum en um nánari lýsingu á hlutverki umboðsmanns kröfuhafa vísast til umboðssamningsins.</p> <p>Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til fundar kröfuhafa ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>(a) ef útgefandi óskar eftir því, t.d. vegna mögulegra breytinga á skilmálum hvers flokks eða beiðni um undanþágu frá þeim</li> <li>(b) í kjölfar vanefnda samkvæmt skuldaskjölunum, sem ekki hefur verið bætt úr, sem umboðsmaður kröfuhafa verður var við eða sem útgefandi hefur tilkynnt um;</li> <li>(c) ef 1/4 hluti kröfuhafa, miðað við fjárhæð útistandandi krafna á grundvelli skuldabréfanna skv. upplýsingum úr skrám verðbréfamiðstöðvar, óskar eftir fundi;</li> <li>(d) ef staðfestingaraðili tilkynnir að hann muni ekki staðfesta skýrslu um fjárhagslegar kvaðir eða ef staðfestingaraðili hefur ekki sent umboðsmanni kröfuhafa niðurstöðu sína innan þeirra tímaraka sem tilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila; eða</li> <li>(e) ef umboðsmaður kröfuhafa telur rétt að boða til kröfuhafafundar af öðrum ástæðum.</li> </ul> <p>Skal boða til funda kröfuhafa með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara en að hámarki fjögurra vikna fyrirvara og skal umboðsmaður kröfuhafa boða til hans með tilkynningu til Nasdaq Iceland eða verðbréfamiðstöðvar, sem kemur henni áleiðis til allra kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa skal einnig boða útgefanda og hefur útgefandi málfrelsisrétt á fundum kröfuhafa. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal umboðsmaður kröfuhafa afboða fundinn</p> <p>Umboðsmaður kröfuhafa ákveður dagskrá kröfuhafafundar. Kröfuhafar kjósa fundarstjóra á kröfuhafafundi. Fundarstjóri staðfestir í upphafi fundar hvort fundur sé ályktanabær. Til þess að kröfuhafafundur sé ályktanabær þarf fundurinn að hafa verið rétt boðaður í samræmi við umboðssamninginn og fulltrúar að lágmarki 50% kröfuhafa, miðað við fjárhæð, að vera mættir á fundinn. Ef kröfuhafafundur er ekki ályktanabær vegna ónógrar fundarsóknar skal umboðsmaður kröfuhafa hætta við fundinn og þegar í stað boða nýjan kröfuhafafund, sem skal haldinn eigi fyrr en að 7 dögum liðnum og eigi síðar en 14 dögum eftir þann fyrr. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans er boðað með réttum hætti.</p> <p>Atkvæðisréttur kröfuhafa á kröfuhafafundi miðast við uppgreiðsluverðmæti skuldaskjalanna sem er í eigu viðkomandi kröfuhafa sem hlutfall af uppgreiðsluverðmæti allra skuldaskjalanna við lok dags daginn fyrir fund. Ef upp kemur ágreiningur varðandi atkvæðisrétt kröfuhafa, þá skal fundarstjóri leysa úr þeim ágreiningi og er úrlausn hans bindandi fyrir alla aðila. Útgefandi og aðilar innan samstæðu útgefanda njóta ekki atkvæðisréttar vegna verðbréfa sem kunna að vera í þeirra eigu og eru þau ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.</p> <p>Almennt þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi til ákvarðanatökum nema annað komi fram í umboðssamningi. Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnað samþykkis meira en 1/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Eftirfarandi ákvarðanir þarfnað samþykkis 9/10 hluta kröfuhafa í skuldaskjalaflokki miðað við fjárhæð: Breytingar á vaxtakjörum, breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímacundnar breytingar (<i>e. waiver</i>) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn, breytingar á uppgreiðsluheimild og uppgreiðslugjaldi, breytingar á höfuðstólsfjárhæð og breytingar á umboðssamningi eða samningi við staðfestingaraðila. Ákvarðanir sem teknar eru á ályktunarbærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.</p> <p>Gildandi umboðssamning við umboðsmann kröfuhafa hverju sinni er að finna á meðfylgjandi</p>
--	---

	vefslóð: <a href="https://www.olgerdin.is/fjarfestar">https://www.olgerdin.is/fjarfestar</a> .
Grein 18.2: Ef við á:	<p><b>Staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða</b></p> <p><i>a) Almennt</i></p> <p>Um skipun staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða fer eftir ákvæðum endanlegra skilmála auk þjónustusamnings sem tilgreindur er með dagsetningu í endanlegum skilmálum. Þjónustusamningurinn er hluti af endanlegum skilmálum skuldaskjala í þeim skuldaskjalaflokk. Staðfestingaraðili er skipaður fyrir hvern útgefinn skuldaskjalaflokk sem gefinn er út undir skuldaskjalaflokknum. Með því að kaupa skuldaskjöl undir útgáfuramanum samþykkir viðkomandi kröfuhafi fyrir sitt leyti framangreint fyrirkomulag og efni samnings við staðfestingaraðila, eftir atvikum eins og honum kann að vera breytt, sem nálgast má á heimasíðu útgefanda, <a href="https://www.olgerdin.is/fjarfestar">https://www.olgerdin.is/fjarfestar</a>.</p> <p>Staðfestingaraðili skal vera óháður samstæðunni í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Staðfestingaraðili má ekki, á gildistíma samnings við staðfestingaraðila, hafa með höndum verkefni fyrir samstæðuna sem valda vanhæfi hans sem staðfestingaraðila eða fara í bága við almennar hagsmunaárekstrareglur staðfestingaraðila, og eftir atvikum viðkomandi fagfélag staðfestingaraðila á hverjum tíma. Staðfestingaraðila er þó heimilt að taka að sér hlutverk umboðsmanns kröfuhafa samhliða hlutverki sínu. Staðfestingaraðili skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu og vera endurskoðunarfyrtæki, fjármálfyrtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á fasteignum, verðbréfamarkaði og fjármögnum félaga sambærilegum útgefanda, og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, m.a. með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.</p> <p>Staðfestingaraðili er í upphafi ráðinn af útgefanda. Starfsskyldur staðfestingaraðila eru þó alfarið gagnvart kröfuhöfum. Útgefandi hefur ekkert boðvald yfir staðfestingaraðila og er ekki heimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að því leyti sem kveðið er á um í samningi við staðfestingaraðila. Vilji staðfestingaraðili láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan staðfestingaraðila með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.</p> <p><i>b) Skyldur útgefanda</i></p> <p>Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvísvar sinnum á ári, eða strax í kjölfar birtingar ársreiknings og hálfásársreiknings.</p> <p>Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila neðangreindar skyrslur, undirritaðar af forstjóra eða fjármálastjóra útgefanda, uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd:</p> <p>A. Skýrslu um fjárhagslegar kvaðir innan tveggja vikna frá því útgefandi afhendir umboðsmanni kröfuhafa endurskoðaðan ársreikning.</p> <p>B. Skýrslu um fjárhagslegar kvaðir innan tveggja vikna frá því útgefandi afhendir umboðsmanni kröfuhafa hálfásársreikning samkvæmt skilmála.</p> <p>Ölgerðin skulu upplýsa umboðsmann kröfuhafa um hugsanleg vanefndatilvik eins fljótt og auðið er. Staðfestingaraðili skal yfirfara þær upplýsingar sem hann fær frá útgefanda til að leggja mat á það hvort vanefndatilvik hafi átt sér stað.</p> <p><i>c) Hlutverk staðfestingaraðila</i></p> <p>Staðfestingaraðili móttékur staðfestingarsíteini vegna fjárhagslegra skilyrða, ef við á, og skal</p>

	<p>yfirlíða þær upplýsingar frá útgefanda til að leggja mat á það hvort vanefndatilvik hafi átt sér stað.</p> <p>Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvívar sinnum á ári, eða strax í kjölfar birtingar ársreiknings og hálfársreiknings. Efnahagsliðir skulu miðast við punktstöðu á uppgjörsdegi og rekstrarliðir við undangengna 12 (tólf) mánuði m.v. uppgjörsdag. Ölgerðin skulu upplýsa staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða svo fljótt sem kostur er hvort að útgefandi uppfylli eftirfarandi fjárhagslegu skilyrðin og afhenda skriflega staðfestingu þess efnis:</p> <p>Staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða mun staðfesta að upplýsingar í staðfestingskírteini séu réttar. Staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem því eru fengin á grundvelli samningsins.</p> <p>Ef staðfestingaraðili er ósammála forsendum eða útreikningum útgefanda skal staðfestingaraðili tilkynna veðgæsluaðila og umboðsmanni kröfuhafa um athugasemdir sínar innan 14 daga frá því að honum barst skýrsla útgefanda.</p> <p>Staðfestingaraðili skal gera útgefanda og umboðsmanni kröfuhafa grein fyrir niðurstöðu sinni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan fjórtán daga frá móttöku skýrslu um fjárhagslegar kvaðir frá útgefanda. Staðfestingaraðili skal mæta á kröfuhafafundi sé hann boðaður til þeirra, til þess að fara þar yfir forsendur sínar fyrir staðfestingu eða synjun skýrslu um fjárhagslegar kvaðir. Þá skal staðfestingaraðili, samkvæmt beiðni, afhenda umboðsmanni kröfuhafa og útgefanda öll gögn í tengslum við forsendur staðfestingaraðila fyrir ákvörðun sinni.</p>
--	---

Grein 19:	<b>19. Önnur ákvæði</b>
Grein 19.1: Ef við á:	<b>Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla:</b> Útgefandi hefur heimild til að kaupa á markaði skuldabréf/víxla útgefin af honum sjálfum, í heild eða hluta, enda séu kaupin gerð á grundvelli útboðsfyrirkomulags þar sem öllum eigendum skuldaskjalanna býðst að selja bréf sín hlutfallslega.
Grein 19.2 Á við í öllum tilfellum:	<b>Hlunnindi:</b> Engin hlunnindi eru tengd verðbréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.
Grein 19.3 Á við í öllum tilfellum:	<b>Framsal:</b> Engar hömlur eru á framsali skuldaskjalanna, aðrar en að eingöngu er heimilt að framselja þau til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum sem hafa gert aðildarsamning við verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 7/2020 og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.
Grein 19.4 Á við í öllum tilfellum:	<b>Skattaleg meðferð:</b> Um skattalega meðferð verðbréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. Um skuldbindingar vegna staðgreiðslu fjármagnstekna og nánar um skattaleg atriði fer eftir því sem greinir í endanlegum skilmálum.
Grein 19.5 Á við í öllum tilfellum:	<b>Ágreiningsmál:</b> Rísi ágreiningsmál út af verðbréfum þessum, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

	<b>20. Skilmálabreyting</b>
Grein 20: Á við í öllum tilfellum:	Breyting á skilmálum skuldabréfanna er háð samþykki útgefanda og því skilyrði að allir kröfuhafar hafi sannarlega verið boðaðir til fundar samkvæmt grein 18 í skilmálum þessum , og að á þeim fundi hafi skilmálabreyting verið samþykkt. Samþykkishlutfall, almennt og aukið, skal reiknað út frá eftirstandandi skuld skv. stöðu alls skuldabréfaflokksins eða víxlaflokksins og kröfufjárhæð skv. verðbréfaeign hvers og eins í lok þess dags er boðað var til fundarins, en ekki höfðatölu kröfuhafa. Útgefandi skal boða slíkan fund og hafa þeir fulltrúar hans, sem hann tilnefnir, rétt til að sitja fundinn og tjá sig fyrir hans hönd á slíkum fundi. Ef skuldabréfin eru til viðskipta á skipulegum markaði þá skal útgefandi birta fundarboðið opinberlega.

	<b>21. Eigin bréf</b>
Grein 21: Á við í öllum tilfellum:	Eigin bréf útgefanda og/eða tengdra aðila veita útgefanda ekki atkvæðisrétt við ákvarðanir kröfuhafa samkvæmt skilmálum þessum og skulu þau skuldaskjöl ekki talin með við útreikning á atkvæðisrétti.

## 4 FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA

### Endanlegir skilmálar

[Auðkenni verðbréfanna]

gefnir út af Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf. (LEI auðkenni 5493003YDW5CUGC5PS30)  
í samræmi við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla dagsettan 23. ágúst 2023

[Númer útgáfu]. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: [●]

Gengi við sölu verðbréfanna: [●]

(„verðbréfin“ eða [„skuldabréfin“] / [„víxlarnir“] )

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingum sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingum útgefanda dagsetta [dags] 2024 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 10.000.000.000kr. útgáfuramma Ölgerðarinnar Egils Skallagrímsson hf.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/fjarhagsupplysingar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. ágúst 2024.

## Hluti I: Skilmálar

### 1. Útgefandi

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

### 2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: [•].

Nafnverð útgáfu: [•].

Nafnverðseiningar: Skuldaskjölin eru gefin út í einingum sem hver er [• [kr] / [annar gjaldmiðill]] að nafnverði.

Áður útgefin verðbréfi í flokki: [[Áður hafa verið gefin út [og tekin til viðskipta] skuldaskjöl að nafnverði [höfuðstólsfjárhæð áður útgefinna verðbréfa]]. / [Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf] í sama flokki].

Heildarheimild flokks: [•]. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykksí frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

### 3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: [*Lögformlegt heiti, kennitala, heimilisfang og staður verðbréfamiðstöðvar*] sem hlutið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („**verðbréfamiðstöð**“).

### 4. Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

### 5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

### 6. Verðtrygging

[Engin verðtrygging:

[Skuldabréfin eru óverðtryggð] / [Á ekki við]].

[Verðtrygging:

Skuldabréfin eru verðtryggð og gilda greinar 6.1 og [6.1(a)] / [6.1(b)] um þau.

Grunnvísitölugildi: [●] þann [dagsetning], [dagvísitala]/[mánaðarvísitala]].

## 7. Vextir

Form vaxta: [Víxlarnir eru vaxtalausir og gildir grein 7.1 um víxlana.] / [Grein 7.2 gildir um verðbréfin. Greiðsla vaxta skal vera [[á [●] [daga / mánaða] fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann [dagsetning] og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann [dagsetning]] / [með einni greiðslu á lokagjalddaga]].]

[Fastir vextir og gildir grein 7.2.(a) um skuldabréfin.] / [Breytilegir vextir og gildir grein 7.2.(b) um skuldabréfin.]

[Fastir vextir:

Fastir ársvextir eru [●]%.]

[Breytilegir vextir:

Viðmiðunarvextir: [Tilgreindir vextir á millibankamarkaði] til [tilgreindur tími]. / [Ávöxtunarkrafa á skuldabréf í flokknúum [auðkenni flokks] sem skráður er á skipulegan markað [[í] / [á]] landi þar sem viðmiðunarflokkur er skráður]. / [Stýrivextir Seðlabanka Íslands] / [Aðrir tilgreindir vextir]

[Álag / Frádrag]: [●]%

Ákvörðunarfyrivari viðmiðunarvaxta: [●] dagar.

Upplýsingakerfi viðmiðunarvaxta: [●].]

[Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur [dagsetning]. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er / ● [dagar/mánuður / mánuðir]. Grein 7.3 gildir um skuldabréfin.]

[Dagregla: [Dagregla tilgreind]. Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.]

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

## 8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann [dagsetning]. Grein 8.1 gildir um [skuldabréfin / víxlana].] / [Jafnar greiðslur og gilda greinar 8.2 og [8.2.(a) / 8.2.(b)] um skuldabréfin.] / [Jafnar afborganir og gilda greinar 8.3 og [8.3(a) / 8.3(b)] um skuldabréfin.] / [Óreglulegar afborganir og gilda greinar 8.4 og [8.4(a) / 8.4(b)] um tilhögun og útreikning afborgana].]

[Fjöldi og tíðni afborgana (um [jafnar afborganir / eina afborgun / jafnar greiðslur] er að ræða): [[[●] afborganir á [● mánaða / daga] fresti allt fram til lokagjalddaga] / [Ein afborgun]]]

[Fjöldi og tíðni afborgana (um óreglulegar afborganir er að ræða): [[●] afborganir á [● mánaða / daga] fresti með endurgreiðsluferli höfuðstóls sem væri jafnt yfir [●] [ár / mánuði] þannig að á hverjum gjalddaga fram að lokagjalddaga greiðist [●/●] af höfuðstólnum og á lokagjalddaga greiðast [●/●] af höfuðstól, sem samsvarar eftirstöðvum höfuðstólsins]].

Fyrsta greiðsla afborgana: [Dagsetning].

Lokagjalddagi: [Dagsetning].

Uppgreiðsluheimild: [Grein 8.5 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi] / [Grein 8.6 gildir um skuldabréfin. Útgefanda er því heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti [en

þó aldrei lægri fjárhæð en [●] í hvert sinn]. Umframgreiðsla er einungis heimil á eftirfarandi hátt:

Umframgreiðsla er heimil [*dagsetning*] / [á eftirfarandi dagsetningum / tímabilum: [●]]

Útgefandi skal greiða umframgreiðslugjald af fjárhæð þeiri sem fer umfram samningsbundna afborgun höfuðstóls og vaxta. Umframgreiðslugjald er [fast [●] % / breytilegt á eftirfarandi hátt: [●]]]

## **9. Tryggingar og ábyrgðir**

[Grein 9.1 gildir um óveðtryggð skuldaskjöl]/ [Grein 9.2 gildir um veðtryggð skuldaskjöl samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu]

## **10. Kröfur jafnréttáar (*e. pari passu*)**

Grein 10 gildir um [skuldabréfin / víxlana].

## **11. Staða í kröfuröð**

[Grein 11(a) gildir um óveðtryggð skuldaskjöl]/ [Grein 11(b) gildir um veðtryggð skuldaskjöl samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu]

## **12. Löggjöf um útgáfuna**

[Grein 12(a) gildir um skuldabréfin] / [Grein 12(b) gildir um víxlana].

## **13. Yfirlýsingar**

[Á ekki við] / [Grein 13 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana]] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 13 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D], [E]].

## **14. Upplýsingakvaðir**

[Á ekki við] / [Grein 14 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana]] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 14.1 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D]]. / [Eftirfarandi stafliðir greinar 14.2 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B]].

## **15. Almennar kvaðir**

[Á ekki við] / [Grein 15 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana]] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 15 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D], [E]].

## **16. Fjárhagsleg skilyrði**

[Á ekki við]

[Grein 16.1 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Grein 16.1 gildir um [skuldabréfin/víxlana], [Skuldir/EBITDA: Ekki hærri en [●]].]

[Grein 16.2 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Grein 16.2 gildir um [skuldabréfin/víxlana],

[Eiginfjárlutfall: Að lágmarki [●]%.]

[Grein 16.3 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Grein 16.3 gildir um [skuldabréfin/víxlana], [Lánaþekja, ekki hærri en [●]].]

## **17. Vanefndartilvik**

[Á ekki við]

[Grein 17.1 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 17.1 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B], [C], [D], [E], [F], [G], [H], [I], [J].]

[Grein 17.2 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Eftirfarandi stafliðir greinar 17.2 gilda um [skuldabréfin/víxlana]: [A], [B].]

[Grein 17.3 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Grein 17.3 gildir [skuldabréfin/víxlana].]

## **18. Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili**

[Á ekki við] / [Grein 18 gildir ekki um [skuldabréfin/víxlana].] / [Grein 18 gildir um [skuldabréfin/víxlana].]

[[Nafn, kennitala og heimilisfang umboðsmanns kröfuhafa] hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann [dagsetning]. Samningar útgefanda við umboðsmann kröfuhafa eru aðgengilegir á vefsetri útgefanda [vefslóð]].

[[Nafn, kennitala og heimilisfang staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða] hefur verið skipaður staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann [dagsetning].]

## **19. Önnur ákvæði**

[Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 19.1 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Hlunnindi: Grein 19.2 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Framsal: Grein 19.3 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

[Skattaleg meðferð: Grein 19.4 gildir um [skuldabréfin/víxlana].]

[Ágreiningsmál: Grein 19.5 gildir um [skuldabréfin/víxlana].]

## **20. Skilmálabreyting**

[Á ekki við] / [Grein 20 gildir ekki um [skuldabréfin / víxlana].] / [Grein 20 gildir um [skuldabréfin / víxlana].]

## **21. Eigin bréf**

[Grein 21 gildir ekki um [skuldabréfin / víxlana].] / [Grein 21 gildir um [skuldabréfin/víxlana].]

## Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	<b>Skráning og taka til viðskipta</b>	
	Skráning og taka til viðskipta:	<p>[[Óskað hefur verið / óskað verður] eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í floknum [ISIN númer flokks] verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt.] / [Öll þegar útgefin skuldaskjöl í floknum [ISIN númer flokks] eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. [Óskað hefur verið / óskað verður] eftir að aukning [skuldabréfaflokksins / víxlaflokksins] að nafnvirði [nafnvirði aukningarinnar] verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði].</p> <p>[Útgefandi [hefur óskað/mun óska] eftir töku til viðskipta.] / [[Nafn aðila sem óskar eftir töku til viðskipta annar en útgefandi], [heimilisfang aðila], [símanúmer aðila], [LEI kóði aðila]] [hefur óskað/mun óska] eftir töku til viðskipta.] / [Á ekki við].</p>
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	[Dagsetning]
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	[[•] / [Á ekki við]]
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	[Lögformlegt heiti ráðgjafa og hlutverk]
2.	<b>Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfu/útboð</b>	
		[Að undanskildum kostnaði greiddum til [nafn söluaðila og/eða umsjónaraðila] er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu [skuldabréfaflokksins / víxlaflokksins].] / [Tilgreinið aðra hagsmuni sem skipta máli fyrir útgáfu og sölu [skuldabréfaflokksins/ víxlaflokksins] ásamt upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.]
3.	<b>Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósoluandvirði útboðs eftir því sem við á</b>	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	[•]

	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	[•]
	Áætlað nettósöluandvirði:	[•]
	Notkun ágóða:	[•]
<b>4.</b>	<b>Ávöxtunarkrafa</b>	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	[•] [Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.]
<b>5.</b>	<b>Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á</b>	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	[[Undirliggjandi viðmiðunarvextir ásamt því hvar finna megi upplýsingar um þróun þeirra í fortíð og framtíð.]/[Á ekki við]]
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	[[Upplýsingar um heiti verðtryggingavísitölu og hvar finna megi upplýsingar um hana.]/[Á ekki við.]]
<b>6.</b>	<b>Heimild til útgáfu</b>	
	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. getur, með heimild frá stjórnum útgefanda, gefið út skuldabréf og/eða víxla samtals að útstandandi fjárhæð allt að [•].kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlysingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlysing. [[Skuldaskjölin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann [dagsetning heimildar] [og felld undir útgáfurammann við stofnun hans].]  Verðbréfin hafa öll verið seld og [eru að fullu greidd] / [er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann [dagsetning].]]	
<b>7.</b>	<b>Auðkenni</b>	
	Auðkenni:	[•]
	ISIN númer:	[•]
	FISN númer:	[•]
	CFI númer:	[•]
<b>8.</b>	<b>Upplýsingar frá þriðja aðila</b>	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	[[Upplýsingar um þær upplýsingar sem aflað hefur verið frá þriðja aðila og heimildir]/[Á ekki við]]
<b>9.</b>	<b>Tilkynning um viðkomandi grunnlysingu</b>	

	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	[•]
--	--	-----

\* \* \*

F.h. Ölgerðarinnar Egils Skallagrímsson hf. [dagsetning]

---

[Nafn og titill þess sem undirritar]

---

[Nafn og titill þess sem undirritar]

## 5 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Tilgangur félagsins samkvæmt 3. gr. í samþykktum þess er sala, framleiðsla og dreifing á öli, gosdrykkjum og öðrum drykkjartegundum er leyfðar eru samkvæmt lögum, innflutningsverslun og umboðssala svo og kaup og sala alls konar verðbréfa auk þess að eiga og reka fasteignir og lánastarfsemi.

### 5.1 Útgefandi

<b>Lögformlegt heiti:</b>	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.
<b>Viðskiptaheiti:</b>	Ölgerðin
<b>Kennitala:</b>	420369-7789
<b>LEI auðkenni:</b>	5493003YDW5CUGC5PS30
<b>Höfuðstöðvar og heimili:</b>	Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík, Ísland
<b>Auðkenni hjá Nasdaq Iceland hf. og Nasdaq CSD SE:</b>	OLGERD
<b>ISIN nr. hluta:</b>	IS0000028678
<b>Hlutafé og heildarfjöldi hluta:</b>	2.837.715.174 kr. sem skiptast í jafn marga hluti
<b>Heildarfjöldi útistandandi hluta:</b>	2.837.715.174 kr. sem skiptast í jafn marga hluti
<b>Par af eigin hlutir félagsins</b>	317.115 kr. sem skiptast í jafn marga hluti
<b>Vefsíða:</b>	<a href="http://www.olgerdin.is">www.olgerdin.is</a> <sup>4</sup>
<b>Tölvupóstfang og símanúmer:</b>	<a href="mailto:olgerdin@olgerdin.is">olgerdin@olgerdin.is</a> og +354 412 8000

### 5.2 Fjárhagsdagatal

Eftirfarandi fjárhagsdagatal sýnir áætlaða birtingu fjárhagsþýsinga fyrir fjárhagsárið 2024 auk næsta aðalfundar Ölgerðarinnar. Ef breyting verður á áætluðum birtingardegi skv. fjárhagsdagatali mun útgefandinn tilkynna nýjan birtingardag á vefsvæði sínu eins fljótt og því verður við komið.

Efni	Dagsetning
Birting árshlutareiknings fyrstu 6 mánaða fjárhagsársins 2024 (tímbilið 1.mars – 31.ágúst)	10. október 2024
Birting árshlutareiknings fyrstu 9 mánaða fjárhagsársins 2024 (tímbilið 1.mars – 30.nóvember)	16.janúar 2025

<sup>4</sup> Upplýsingar sem birtar eru á vefsíðu Ölgerðarinnar eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.

Birting ársreiknings fjárhagsársins 2024 sem lýkur 28.febrúar 2025 10.apríl 2025  
(tímbilið 1.mars – 28. febrúar)

Aðalfundur 2025

8.maí 2025

### 5.3 Lagaumhverfi

Ölgerðin starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Starfsemi félagsins fellur meðal annars undir eftirfarandi löggjöf og reglugerðir settar á grundvelli hennar:

- lög nr. 93/1995, um matvæli
- lög nr. 144/2019, um breytingu á ýmsum lögum um matvæli
- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Þá gilda um félagið lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Enn fremur gilda um reikningsskil og bókhald félagsins lög nr. 3/2006, um ársreikninga, lög nr. 145/1994, um bókhald og lög nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Jafnframt gilda skattalög um félagið, svo sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og lög nr. 50/1998, um virðisaukaskatt.

Þá snerta að einhverju leyti starfsemina lög nr. 75/1998, um áfengislög, lög nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki og lög nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Einnig ber félaginu að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005.


Starfsemi félagsins lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur félagsins og tiltekinna dótturfélaga þess háðar leyfisveitingu opinberra aðila. Þá hefur félagið hlotið starfsleyfi til tollmiðlunar og lýtur í þeim efnum ákvæðum tollalaga nr. 88/2005.

### 5.4 Skipulag samstæðunnar og skipurit

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. er móðurfélag samstæðu sem samanstendur af Ölgerðinni og dótturfélögum. Í árslok fjárhagsársins 2023 var fjöldi stöðugilda 395.

Samstæðu Ölgerðarinnar er skipt í fjóra starfsþætti, Egils óáfengt, Egils áfengt, Danól og Útflutning. Danól er rekið í dótturfélagi sem sækir alla stoðþjónustu til móðurfélagsins. Undir starfsþættinum Útflutningi er rekstur dótturfélagsins Iceland Spring umfangsmestur.

Eftirfarandi skipurit sýnir stjórnskipulag Ölgerðarinnar:



Mynd 1: Skipurit Ölgerðarinnar

Helstu dóttur- og hlutdeildarfélög Ölgerðarinnar eru eftirfarandi:

Heiti félags	Skráð aðsetur	Eignarhlutur	Starfsemi
Danól ehf.	Fosshálsi 14-25, 110 Reykjavík, Ísland	100%	Heildsala
G7-11 fasteignafélag ehf.	Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland	100%	Eignarhald fasteigna
Iceland Spring ehf.	Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland	51%	Framleiðsla
Endurvinnslan hf.	Knarrarvogi 4, 110 Reykjavík, Ísland	20%	Endurvinnsla á umbúðum

Danól er sjálfstætt sölu- og markaðsfyrirtæki sem selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vílsru. Aðeins vörur sem Danól telur eiga þess kost að vera með þeim fremstu í sínum flokki eru settar á markað.

G7-11 fasteignafélag ehf. er eigandi fasteignar Ölgerðarinnar að Grjóthálsi 7-11. Tilgangur þess félags er að eiga og reka fasteignir Ölgerðarinnar. Það starfar enginn starfmaður hjá féluginu og öll umsýsla er í höndum starfsfólks Ölgerðarinnar. Í féluginu er tekjuskattskuldbinding að fjárhæð 254 m.kr. auk tekjuskattsinneignar að fjárhæð 15 m.kr. sem nýtanlegt er hjá G7-11 til ársins 2028. Samtals tekjuskattsskuldbinding er 239 m.kr.

Iceland Spring er vatnsútflutningsfyrirtæki sem tappar íslensku lindarvatni á flöskur til útflutnings. Vatnið kemur úr eigin vatnslind í Heiðmörk. Salan er til Bandaríkjana, Tælands og Kína, þ.m.t. í verslunum 7-Eleven, Walgreens og Rite Aid.

## 5.5 Ágrip af sögu útgefanda

Ölgerðin á rætur sínar að rekja aftur til 17. apríl árið 1913 þegar Tómas Tómasson stofnaði Ölgerðina Egill Skallagrímsson hf. og hóf rekstur félagsins í Pórshamri við Templarasund. Um aldamótin urðu mikil þáttaskil í sögu Ölgerðarinnar þegar afkomendur stofhandans Tómasar Tómassonar seldu Ölgerðina, sem hafði þá verið í eigu fjölskyldunnar í tæpa níu áratugi.

### Mikilvægir áfangar í sögu Ölgerðarinnar frá aldamótum

---

<b>2000</b>	Fjölskylda Tómasar Tómassonar selur Ölgerðina, eftir að hafa verið í eigu hennar í tæp níutíu ár.
<b>2002</b>	Ölgerðin valin markaðsfyrirtæki ársins.
<b>2002</b>	Kaup á Lind, áfengisinnflytjandi sem er í eigu Danól
<b>2008</b>	Sameining Ölgerðarinnar og heildsölufyrirtækisins Danól. Við sameininguna varð til eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði matvælaframleiðslu og innflutnings.
<b>2009</b>	Ölgerðin flytur í nýjar höfuðstöðvar á Grjóthálsi
<b>2010</b>	Örbrugghúsið Borg tekur til starfa
<b>2013</b>	Jafnlaunavottun
<b>2013</b>	Ölgerðin fagnar aldarafmæli
<b>2015</b>	Ölgerðin tekur yfir framleiðslu Carlsberg á Íslandi.
<b>2017</b>	Ölgerðin kaupir húsnæðið við Grjótháls 7-11
<b>2019</b>	Skipulagsbreytingar, heildsöluhluti fyrirtækisins útvistar vöruhúsa- og flutningastarfsemi og losar um vaxtarhömlur. Innflutningur á mat- og sérvöru færður í heild sinni yfir til Danól
<b>2021</b>	Danól kaupir meirihluta viðskiptasambanda Ásbjörns Ólafssonar
<b>2022</b>	Nýtt 1650 fermetra húsnæði við Grjótháls og átöppunarlína fyrir dósir tekin í notkun
<b>2022</b>	Hlutabréf Ölgerðarinnar eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland
<b>2023</b>	Útgáfa skuldaskjala hófst með útgáfu á víxum

---

## 5.6 Starfsemi Ölgerðarinnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson er stærsta drykkjarvörufyrirtæki landsins. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifar og selur drykkjarvörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hággæða þjónustu vírsi. Aðeins vörur sem eiga þess kost að vera fremstar í sínum flokki eru settar á markað og hverjum birgja sinnt sem hann væri sá eini. Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyr en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavini, neytendur, starfsfólk og hluthafa.

### Tekjusvið

Starfsemi samstæðu Ölgerðarinnar er skipt í fjögur tekjusvið, hvert um sig með skýrar áherslur og markmið. Tekjusviðin eru: Egils – óáfengt, Egils - áfengt, Danól og Útflutningur.

#### Egils - óáfengt

Helstu söluvörur sviðsins eru gosdrykkir, vatn og ávaxtasafar auk þess sem sviðið selur innflutt snakk, morgunkorn og kaffi. Stærstur hluti af sölu sviðsins fer til stórmarkaða, en helstu viðskiptavinir sviðsins eru stórmarkaðir, bensínstöðvar og skyndibitastaðir sem eiga það sammerkt að óáfengir drykkir skipa stóran sess í vörुvali þeirra. Ölgerðin selur einnig áfengi til þessara viðskiptavina ef svo ber undir, hver viðskiptavinur er því aðeins undir einu tekjusviði hjá Ölgerðinni.

Mörg af elstu og þekktustu vörumerkjum landsins eru undir þessu tekjusviði. Mörg þeirra eru án áfengis og má sem dæmi taka Egils Appelsín, Kristal og Egils Malt, sem hefur verið framleitt allar götur síðan 1913. Þá þekkja flestir Íslendingar einnig Floridana safa, Egils þykkni, jóla-blönduna Malt&Appelsín og gosdrykkina Egils Orku og Mix svo fátt eitt sé nefnt. Þá framleiðir Ölgerðin skv. framleiðslumumboði vörur

undir vörumerkjum frá PepsiCo., t.d. Pepsi, Pepsi Max, 7UP o.fl.

Kraftmikil vörupróun á sér stað innan Ölgerðarinnar og meðal óáfengra drykkja má þar t.d. nefna vinsæla kollagendrykkinn COLLAB, fjölmargar nýjungar í bragðtegundum undir vörumerki Kristals auk úrvals óáfengra bjóra sem hafa hlotið auknar vinsældir síðastliðin misseri.

### **Egils - Áfengt**

Ölgerðin er einn stærsti áfengisframleiðandi landsins og á félagið mörg af þekktustu vörumerkjum landsins, t.d. Gull, Boli, Brennivín og fleiri. Brugghús Ölgerðarinnar og vörumerkisins Borg Brugghús hafa hlotið fjölda verðlauna fyrir vörur sínar, allt frá verðlaunum fyrir lagerbjórinn GULL, sem er stærsta vörumerki landsins í bjór, sem framleiddur hefur verið nánast óbreyttur frá 1. mars 1989, til verðlauna fyrir sérhæfðari vörur Borgar Brugghúss. Ásamt eigin vörumerkjum framleiðir Ölgerðin áfenga drykki skv. framleiðsluumboði t.d. bjórtategundirnar Carlsberg, Tuborg Classic, Tuborg Grön, Tuborg Julebryg o.fl. Þá er Ölgerðin einnig stór innflytjandi léttvíns, sterks áfengis og víngoss. Mikil áhersla er lögð á að flytja einungis inn og framleiða hágæða vörumerki og vörur í þessum flokkum sem öðrum. Helstu viðskiptavinir sviðsins eru ÁTVR, Fríhöfn, barir, veitingastaðir og hótel. Sviðið selur HORECA viðskiptavimum einnig kaffivörur og gosdrykki.

Mikil vörupróun á sér einnig stað í flokki áfengra drykkja og má þar til dæmis nefna vörumerkið Borg Brugghús. Þá hefur félagið kynnt nýjar vinsælar bragðtegundir t.d. af Gull Lite léttbjórum. Margar nýjungar hafa liðið dagsins ljós í víngosflokknum. Vörurnar LoV, VES og BARA eru á meðal þeirra vinsælustu í flokknum.

Auk þess að sinna ofangreindum viðskiptavinum þá fellur undir sviðið fyrirtækjaþjónusta Ölgerðarinnar sem sérhæfir sig í heildarlausnum í drykkjaröru og snarli fyrir vinnustaði landsins, en þjónustuframboðið er almennt kallað kaffikerfi og sjálfsalar innan félagsins.

### **Danól**

Dótturfélagið Danól er þriðja tekjusvið Ölgerðarinnar og flytur það inn og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Aðeins vörur sem Danól telur eiga þess kost að vera með þeim fremstu í sínum flokki eru settar á markað. Sviðin innan Danól skiptast í Matvöru, Snyrti- og sérvöru og Stóreldhús og kaffikerfi.

Meðal matvöru sem Danól flytur inn og dreifir til áframsölu eru vörumerki sem hafa verið hluti af Danól í áratugi. Dæmi um vörumerki sem Danól hefur á að skipa eru Merrild, Haribo, LavAzza, Quality Street, McCain, Lambi, NAN, Maryland, Homeblest, Hatting, Halsans Kök, Goodfellas, FruitFunk, Haust, Prif, Milt, Nesquik, Mentos, Weetabix, Daloon, Sonax, Felix, Anamma og svo mætti lengi telja. Vörumerki Danól eru um 70-80 talsins og leitar Danól sífellt að nýjum vörumerkjum og vörum sem uppfylla þarfir viðskiptavina og neytenda.

Stóreldhús- og kaffikerfi Danól leggja sig fram við að bjóða upp á heildstæðar lausnir í hinum ýmsu matvælum og aðföngum sem snúa að rekstri í matvælageiranum. Markmið Stóreldhúsa- og kaffikerfa er að bjóða upp á fjölbreytt vörúúrvval, hágæða vörur og gott verð.

Snyrti- og sérvorusvið Danól hefur á að skipa vörumerkjum á borð við L'Oréal Paris, Maybelline, NYX Professional Makeup, Essie, Garnier, Elnett, Elvital, Vichy, CeraVe, La Roche-Posay, Neutrogena, o.b., Johnson&Johnson, DrTeal's og Real Techniques.

### **Útflutningur**

Frá og með 1. ársfjórðungi 2023 hefur rekstur Iceland Spring verið hluti af samstæðu Ölgerðarinnar. Afkoma Iceland Spring ásamt þeim beina útflutningi sem Ölgerðin sinnir mynda tekjusviðið Útflutningur.

### **Framleiðsla og framleiðslutæki**

Ölgerðin framleiðir meira en 300 vörunúmer á ári hverju og eru þar taldar allar drykkjarvörur félagsins í mismunandi pakkningum og mismunandi magni, en Ölgerðin framleiðir drykkjarvörur í plastumbúðum, dósum, glerflökum og kútum, í fjölda magneininga. Fyrirtækið semur við undirverktaka um átöppun á söfum í fernum og sterku áfengi í plast og glerflökum.

Heildarframleiðslugeta félagsins hefur verið vel nýtt og hefur í sumum tilvikum verið unnið á þrískiptum vöktum til þess að anna eftirspurn. Í mars 2022 hóf Ölgerðin framleiðslu í nýrri 1650m<sup>2</sup> viðbyggingu sem byggð var við höfuðstöðvar félagsins. Byggingin hýsir nýjan framleiðslusal með fullkominni átöppunarlínu fyrir dósir. Nýi salurinn fjórfaldaði afkastagetu félagsins úr 15.000 dósum í um 60.000 dósir á klukkustund. Aðrir framleiðslusalir félagsins eru fyrir kúta, safa, plast og gler. Ef allir framleiðslusalir væru í fullum afköstum lætur nærrí að hægt væri að framleiða um 85.000 einingar á klukkustund.

Tækjakostur félagsins er annarsvegar framleiðslubúnaður sem er mjög vel við haldið og svo tæki á markaði, svo sem kæliskápar, bjórdælur og gosdælur. Framleiðslutæki eru flokkuð eftir framleiðslusolum, en auk þess rekur Ölgerðin fullkomið ölsuðu- og brugghús.

Síðustu fimm ár hefur átt sér stað mikil endurnýjun í ölsuðu en sá hluti framleiðslunnar bruggar bjór og maltdrykki. Afkastageta hefur verið aukin í takt við aukna markaðshlutdeild Ölgerðarinnar. Talsvert svigrúm er til frekari vaxtar.

Ný átöppunarlína fyrir dósir mun auka hagkvæmni í rekstri félagsins. Búnaðurinn er afkastameiri og skilar auknum vörugæðum. Hann eykur einnig sveigjanleika varðandi magnpakningar.

### **Vörupróunar- og gæðadeild**

Ölgerðin leggur mikla áherslu á vörupróun og er eitt af lykilmarkmiðum félagsins að hlutfall nýrra vara sé ávallt a.m.k. 5% af veltu framleiðsluvara félagsins, en vörur teljast almennt til nýrra vara í þessum skilningi í tvö ár frá því að framleiðsla þeirra hefst. Vaxtar og þróunardeild heyrir undir forstjóra og vinnur náið með vörumerkjastjórum og öðrum hagaðilum að þróun nýrra vara og viðhaldi gæða. Stóran hluta af veltu Ölgerðarinnar síðustu tvo áratugi má rekja til metnaðarfullrar og öflugrar vörupróunar, en geta Ölgerðarinnar til þess að skapa stöðugt nýjar og framsæknar vörur er félagini gríðarlega verðmæt.

### **Dreifing og vöruhús**

Ölgerðin á og rekur vöruhús sem hýsir um 12.000 palla og rekur öfluga dreifingu. Vöruhús Ölgerðarinnar, oftast vísað til sem G11, hýsir og tekur til allra söluvara tekjusviðanna Egils áfengt og Egils óafengt en vöruhúsi og dreifingu Danól er útvistað til Eimskipa. Var sú ákvörðun tekin árið 2019 í þeim tilgangi að skapa rými og losa um vaxtarhömlur allra tekjusviða. Þá er dreifingu utan höfuðborgarsvæðisins útvistað til Flytjanda, þjónustu á vegum Eimskip. Hlutfall vöruhúsa- og dreifingarkostnaðar af heildarkostnaði Ölgerðarinnar hefur minnkað verulega á undanförnum árum með auknu umfangi og hagkvæmum rekstri.

### **Vörumerkjastjórnun, markaðsmál og sala**

Ölgerðin skilgreinir sig sem sölu- og markaðsfyrirtæki og er félagini stýrt eftir þeirri hugmyndafræði. Fyrirtækið er óhrætt að gera skipulagsbreytingar til að styrkja stöðu sína og styðja við skilgreind langtíma markmið. Markaðssstarfi félagsins er stýrt með gögn og greiningar að leiðarljósi og er almennt lögð áhersla á að vera framarlega í nýtingu stafrænnar tækni til að auka yfirsýn og framleiðni.

Ölgerðin rekur eina stærstu vefverslun landsins. Ölgerðin og Danól eru samanlagt með yfir 2000 virka viðskiptavini í vefverslun og allt að 80% viðskiptavina í ákveðnum deildum panta einungis í gegnum vefverslun. Mikil áhersla er á þróun og að bæta upplifun og auka þjónustu viðskiptavina í gegnum vefverslun sem heldur áfram að vaxa milli ára.

Hjá Ölgerðinni og Danól starfa yfir 20 starfsmenn í markaðsmálum. Framkvæmdastjóri markaðsmála samhæfir allar markaðsaðgerðir félagsins og tryggir hagræði í innkaupum slíkrar þjónustu.

Sérstök vöktun er á skráningu vörumerkja og er hún í höndum Arnason Faktor. Í vörupróun og þegar búin er til ný vörumerki er sérstaklega gætt að skráningarhæfni vörumerkjanna og þau skráð um leið og nægar

upplýsingar liggja fyrir.

### Sjálfbærni

Ölgerðin er annað stærsta matvælafyrirtæki landsins og leitar stöðugt leiða til þess að minnka áhrif sín á umhverfið. Félagið hefur mikinn metnað á sviði sjálfbærni og er markvisst að innleiða sjálfbærni í menningu fyrirtækisins. Til að framtíðarsýn fyrirtækisins, um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda, sé náð þarf að huga að sjálfbærni í allri virðiskeðjunni. Viðskiptavinir Ölgerðarinnar og neytendur gera sífellt meiri kröfur um að versla við fyrirtæki sem stuðla að sjálfbærni og þau fyrirtæki búa yfir og viðhalda hæfara starfsfólk. Félagið ætlar að vera í framvarðasveit íslenskra fyrirtækja á sviði sjálfbærni og mæta nútímaþörfum viðskiptavina og neytenda þeirra án þess að skerða möguleika komandi kynslóða að mæta þörfum sínum. Framtíðarsýn félagsins verður náð með því að leggja áherslu á fjóra strauma: sjálfbærni, vöxt, stafræna þróun og fjölbreytileika. Þannig skapar Ölgerðin virði fyrir alla hagðila og verðmætasköpun til framtíðar.

Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu til Sameinuðu Þjóðanna. Ölgerðin tekur þátt í því að ná loftlagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspor til 2030. Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalegum samþykktum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. *Science Based Targets*). Þá hefur Ölgerðin sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Ölgerðin hefur mælt og fylgst náið með losun frá öllum rekstri frá árinu 2015 og hefur á þeim tíma minnkað kolefnisspor sitt um 58%, og má rekja það beint til markvissra aðgerða fyrirtækisins.


Félagið gengur nú enn lengra og hefur lagt umtalsverða vinnu við að ná utan um kolefnisspor virðiskeðunnar, út frá fyrrgreindum vísindalegum viðmiðum. Niðurstaðan er sú að eigin rekstur Ölgerðarinnar leiðir af sér um 5-10% af áhrifum en um 90-95% verða til í aðfangakeðjunni sjálfri. Orkuskipti í framleiðslu, rafbílavæðing bílaflotans og bestun á leiðakerfinu eru meðal verkefna sem hafa leitt til þess að um 89% af starfseminni notar endurnýjanlega orku, samanborið við 60% hlutfall árið 2016. Auk þess kom fyrirtækið nýlega með enn fleiri umhverfisværar umbúðir á markað og markviss vöruþróun hefur skilað hollari valkostum til neytenda. Það má nefna að á síðustu sex árum hefur sykurmagn á hvern seldan lítra minnkað um 49%.

### 5.7 Stefna, gildi og markmið

Mikilvægi starfseminnar og áherslur endurspeglast í stefnupíramíða félagsins sem sjá má á mynd 2. Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til þess að sú sýn verði að veruleika tryggir félagið að stöðugar umbætur eigi sér stað til að mæta þörfum stækkandi hópi viðskiptavina. Ölgerðin leitast sífellt nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni. Þetta er gert með hagsmuni viðskiptavina, neytenda, starfsfólks og eigenda félagsins í fyrirrúmi. Stefnnur, gildi og gæðamarkmið félagsins eru yfirfarin að minnsta kosti árlega auk þess sem farið er yfir helstu úrbótaverkefni síðasta árs og niðurstöður. Yfirferðin fer fram á fundi gæðaráðs.

Félagið er með fjögur lykilmarkmið í starfsemi sinni. Fyrsta markmiðið er að ánægja viðskiptavina sé yfir 75% og annað markmiðið að ánægja starfsmanna sé yfir 85%. Þriðja markmiðið er að meira en 5% af veltu framleiðsluvara félagsins komi frá nýjum vörum. Síðasta markmiðið er að reka fyrirtækið ekki undir 10% EBITDA hlutfalli.

Stefna Ölgerðarinnar er að vera sterk liðsheild með framsæknu og skapandi starfsfólk. Félagið leitar stöðugt leiða til að þróa og efla starfsemina og auka framleiðni með því að gera hlutina fyrr og betur en aðrir. Ölgerðin setur aðeins þau vörumerki á markað sem eru, eða hafa möguleika á að vera, fremst í sínum flokki. Félagið leggur megináherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja gæði. Að lokum sinnir félagið hverjum viðskiptavini og birgja, eins og hann væri þeirra eini og gerir félagið til hagsbóta fyrir viðskiptavini sína, samfélagið, starfsfólk og hluthafa. Öll starfsemi Ölgerðarinnar byggir á gildum félagsins en gildin ramma inn menningu fyrirtækisins og starfsemina.



Mynd 2: Stefnupíramíði félagsins

### 5.7.1 Sjálfbærnistefna

Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni sé hluti af rekstri fyrirtækisins og að horft verði á sjálfbærni með sama hætti og fjárhagsupplysingar félagsins. Það er trú fyrirtækisins að áhersla á sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri fyrirtækisins og styrki fjárhagslega arðsemi til framtíðar. Ölgerðin stefnir að því að styrkja samkeppnishæfni sína með því að draga úr efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum kostnaði. Markvisst er verið að innleiða sjálfbærni í menningu fyrirtækisins og skapa þannig eftirsóttan vinnustað. Sjálfbærnistefna Ölgerðarinnar er samþykkt af stjórn og er birt á vefsíðu félagsins: <https://www.olgerdin.is/stefnur/sjalfbaernistefna>

### 5.7.2 Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna Ölgerðarinnar er skuldbinding félagsins um stöðugar umbætur í jafnréttismálum og fjölbreytileika. Horft er til ákvæða laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði sem gilda um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kynþjáningu. Hvers konar mismunun er óheimil og verður ekki liðin og er það stefna félagsins að koma í veg fyrir að slíkt ranglæti eigi sér stað. Jafnréttisstefna félagsins er birt á vefsíðu félagsins:

<https://www.olgerdin.is/stefnur/jafnrettisstefna>

### 5.7.3 Mannauðsstefna

Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Lykillinn að þeirri sýn felst í mannaúði fyrirtækisins, þar sem jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni eru höfð að leiðarljósi. Mannauðsstefnan er birt á vefsíðu félagsins:

<https://www.olgerdin.is/stefnur/mannaudsstefna>

### 5.7.4 Öryggis- heilsu og vinnuverndarstefna

Stefna Ölgerðarinnar er að tryggja öllum starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmiðið er slysalaus vinnustaður en einnig að stuðla að vellíðan og góðri heilsu starfsfólks og um leið að lágmarka fjarvistir vegna veikinda. Öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnu félagsins má finna á vefsíðu félagsins: <https://www.olgerdin.is/stefnur/oryggisstefna>

### 5.7.5 Stefna og áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni

Tilgangur þessarar stefnu er að fyrirbyggja einelti, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni hjá Ölderðinni. Í stefnunni má finna stefnuyfirlýsingu ásamt skilgreiningu á einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni. Eins má finna afleiðingar eineltis og áreitni, úrræði fyrir starfsfólk sem og lýsingu á fyrirbyggjandi aðgerðum. Stefnumá finna á vefsíðu félagsins:

<https://www.olgerdin.is/stefnur/eineltisstefna>.

#### 5.7.6 Persónuverndarstefna

Ölderðin hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins. Persónuverndarstefnan nær til persónuupplýsinga er varða einstaklinga sem eru í viðskiptum við félagið, þeir sem sækja námskeið, verktaka, tengiliði sem koma fram fyrir hönd lögaðila í viðskiptum við félagið, neytendur sem hafa samband við félagið, tengiliði birgja félagsins sem og aðra tengiliði. Persónuverndarstefna Ölderðarinnar er birt á vefsíðu félagsins:

<https://www.olgerdin.is/stefnur/personuverndarstefna>

#### 5.7.7 Siðareglur

Siðareglurnar eru hornsteinn í starfsemi Ölderðarinnar, þær byggja á gildum fyrirtækisins og gilda fyrir allt starfsfólk, umboðsmenn og aðra sem koma fram fyrir hönd Ölderðarinnar. Siðareglurnar hafa áreiðanleika, hagkvæmni og framsækni að leiðarljósi. Siðareglur gilda um stjórн Ölderðarinnar og allt starfsfólk félagsins og dótturfélaga þess. Siðareglur Ölderðarinnar eru birtar á vefsíðu félagsins:

<https://www.olgerdin.is/stefnur/sidareglur>

#### 5.7.8 Gæðastefna

Gæði eru mikilvægur hluti starfsemi Ölderðarinnar. Hugsunin um gæði og matvælaöryggi á að vera samofin öllum aðgerðum og er félagið vottaður matvælaframleiðandi samkvæmt ISO/FSSC 22000 og ISO 9001 stöðlunum. Forstöðumaður vöruþróunar og gæðadeildar ber ábyrgð á gæðamálum og matvælaöryggi hjá Ölderðinni. Gæðastefna Ölderðarinnar er birt á vefsíðu félagsins:

<https://www.olgerdin.is/stefnur/gaedastefna>

### 5.8 Stjórnarhættir, stjórн og stjórnendur

#### 5.8.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Ölderðarinnar taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutaféloð, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar eins og þær eru á hverjum tíma. Ölderðin fylgir „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hf. en 6. útgáfa leiðbeininganna var gefin út 2021. Stjórн Ölderðarinnar starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á umræddum leiðbeiningum.

Ölderðin víkur frá leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem ekki er starfandi tilnefningarnefnd hjá féluginu og ekki hefur verið kallað eftir því af hálfu hluthafa að stofna tilnefningarnefnd.

Eins og fram kemur í samþykktum félagsins er æðsta vald í málefnum félagsins í höndum lögmætra hluthafafunda en stjórн félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginhlutverk stjórnar Ölderðarinnar er að styðja við stefnumótun félagsins og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórн félagsins ræður forstjóra sem hefur með höndum stjórн á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

Gildandi samþykktir félagsins, sem og starfsreglur stjórnar, kveða á um stjórnarhætti þess. Samþykktir félagsins, dagsettar 21. maí 2024, kveða á um aðalfundi og hluthafafundi í 10. -15. gr., um stjórн félagsins og framkvæmdastjórн í 16. - 18 gr. og um endurskoðun og reikningshald í 19.- 20. gr. Samþykktir félagsins hafa verið felldar inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun, sjá kafla 6.3 *Upplýsingar felldar inn með tilvísun*. Þá má nálgast stjórnarháttayfirlýsingu Ölderðarinnar á heimasíðu félagsins, [Yfirlýsing um stjórnarhætti \(olgerdin.is\)](https://www.olgerdin.is). Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutföll innan stjórnar séu sem jöfnust og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en

40%.

Núverandi stjórn Ölgerðarinnar var kjörin þann 23.maí 2024. Samkvæmt 16. gr. samþykkta félagsins skal hún skipuð til eins árs í senn. Hana skipa þeir einstaklingar sem tilgreindir eru hér fyrir neðan.

### 5.8.2 Stjórn og stjórnendur

#### Stjórn

Bogi Þór Sigurðsson, formaður stjórnar	
<b>Hagsmunatengsl:</b>	Bogi á 319.999.958 hluti í Ölgerðinni í gegnum Bóksal ehf. og 282.794.730 hluti í gegnum Sindrandi ehf., alls 21,24% hlut. Bogi á ekki í neinum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Bogi telst óháður félagini og daglegum stjórnendum þess í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, en telst háður stórum hluthafa félagsins, sbr. framangreint.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Bogi situr í stjórn Dropp ehf. og Grænna skóga ehf., auk stjórnarsetu í eigin fyrirtækjum, þ.m.t. stjórn Bóksals ehf. og Sindrandi ehf.

Magnús Árnason, varaformaður stjórnar	
<b>Hagsmunatengsl:</b>	Magnús á 785.248 hluti í Ölgerðinni í gegnum eignarhaldsfélagið Sprengistjórn ehf., en á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Magnús telst háður stærri hluthöfum vegna starfa sinna fyrir Fagkaup ehf., sökum eignatengsla þess við Bóksal ehf. og Sindrandi ehf.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Magnús situr í stjórn Nova klúbbsins hf., Nova hf., Rue de Net ehf. og Jurtar ehf., auk stjórnarsetu í eigin félögum. Magnús er einnig sjálfstætt starfandi ráðgjafi hjá Marka Ráðgjöf.

Gerður Huld Arinbjarnardóttir, meðstjórnandi	
<b>Hagsmunatengsl:</b>	Gerður er framkvæmdastjóri BSH15 ehf., sem rekur verslunina Blush. Gerður á ekki hluti í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félagini.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Auk starfa sinna fyrir Blush situr Gerður í stjórn BSH15 ehf., HV23 slf. og annarra eigin félaga. Í maí 2023 undirrituðu Ölgerðin og félag í eigu Gerðar samstarfssamning varðandi nýjan virknidrykk sem Ölgerðin framleiðir undir vörumerkinu MIST. Samkvæmt samningnum á félag Gerðar rétt á tilteknunum þóknunum frá Ölgerðinni fyrir aðkomu sína að þróun og markaðssetningu drykkjarins, en þóknanir reiknast af tekjum Ölgerðarinnar vegna sölu drykkjarins.

### Rannveig Eir Einarsdóttir, meðstjórnandi

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Rannveig Eir á óbeint alls 113.033.183 hluti í Ölgerðinni. Hún á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félagini.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignaþróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir Verk ehf. Hún tók þátt í byggingu og stofnun reksturs Sandhótelss við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hótelum. Rannveig var stjórnarmaður í félagini Heimavöllum hf. á árunum 2019 og 2020. Rannveig er varaformaður stjórnar Sýnar, frá því í október 2022. Þá situr hún í stjórnnum eigin félaga.

### Sigríður Elín Sigfúsdóttir, meðstjórnandi

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Sigríður Elín á ekki hlut í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félagini.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Sigríður Elín er stjórnarmaður Bioeffect hf. og Hannesarholts ses. Jafnframt situr hún í stjórn Eyris Invest hf. og er meðstjórnandi í Sjálfseignarstofnun Kvennaathvarfsins.

### Framkvæmdastjórn

#### Andri Þór Guðmundsson, forstjóri

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Andri á 75% hlut í OA eignarhaldsfélagi hf. sem á 158.181.520 hluti í Ölgerðinni og 132.418 hluti í eigin nafni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Andri situr í stjórn Iceland Spring ehf., OA Eignarhaldsfélags ehf., S78 ehf., Nafnlauast ehf., Verzlunarskóla Íslands ses., Ofanleitis 1 ehf. og er formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands.

#### Jón Þorsteinn Oddleifsson, framkvæmdastjóri fjármála- og mannauðssviðs

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Jón Þorsteinn á 5.049.221 hluti í Ölgerðinni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Situr í stjórnnum Iceland Spring ehf., JPO ehf. , JPO 2 ehf og Landsbréfa hf.

**María Jóna Samúelsdóttir, framkvæmdastjóri Danól**

<b>Hagsmunatengsl:</b>	María á 94.299 hluti í Ölgerðinni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Situri í stjórn Gullsteinar fasteignir ehf.

**Guðmundur Pétur Ólafsson, framkvæmdastjóri Egils – óáfengir drykkir**

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Guðmundur á 4.058.382 hluti í Ölgerðinni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Situri í stjórnum ÓKG ehf., F-13 ehf. og GPÓKG ehf.

**Garðar Svansson, framkvæmdastjóri Egils – áfengt**

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Garðar á 132.418 hluti í Ölgerðinni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	

**Óli Rúnar Jónsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs**

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Óli Rúnar á 1.742.389 hluti í Ölgerðinni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Situri í stjórnum Nýja Sjáland ehf. og Björn og aðrir minna þroskaðir menn ehf.

**Júlia Eyfjörð Jónsdóttir, framkvæmdastjóri framleiðslu- og tæknisviðs**

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Júlia á 47.753 hluti í Ölgerðinni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	

**Gunnlaugur Einar Briem, framkvæmdastjóri vörustjórnarsviðs**

<b>Hagsmunatengsl:</b>	Gunnlaugur á 3.677.373 hluti í Ölgerðinni.
<b>Helstu störf utan útgefanda:</b>	Situri í stjórnum Hjálparsveitar skáta Kópavogi, Humlar ehf. og Landlausnum ehf.

Starfsstöð stjórnar og framkvæmdastjórnar er Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík, Ísland.

Engir hugsanlegir hagsmunárekstrar eru á milli skyldustarfa ofangreindra stjórnarmanna og aðila að framkvæmdastjórn fyrir útgefanda og persónulegra hagsmunu þeirra og/eða annarra skyldustarfa aðrir en þeir sem greint er frá hér að framan.

### 5.8.3 Undirnefndir stjórnar og aðrar nefndir

Skipan, hlutverk og skyldur starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar fara samkvæmt gildandi útgáfu *leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hf um stjórnarhætti fyrirtækja*. Nefndir setja sér starfsreglur þar sem kveðið skal nánar á um hlutverk þeirra og helstu verkefni. Starfsreglur undirnefnda eru háðar samþykki stjórnar.

Ákvarðanir skulu tekna á formlegum fundum og er nefndin ákvörðunarbaer þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund, enda hafi fundurinn verið boðaður með sambærilegum hætti og fundir stjórnar, sbr. gr. 7.8 í starfsreglum stjórnar. Formaður viðkomandi nefndar boðar til nefndarfundar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum við töku ákvarðana í undirnefndum. Ákvarðanir undirnefndar eru ekki bindandi fyrir stjórn félagsins heldur aðeins leiðbeinandi.

Stjórn félagsins skipar endurskoðunarnefnd til að fjalla nánar um fjárhag félagsins og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ganga þannig úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórn fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd er eingöngu til ráðgjafar en getur ekki tekið ákvörðun fyrir hönd stjórnar. Núverandi endurskoðunarnefnd var skipuð á fundi stjórnar þann 25. maí 2023.

Eftirfarandi aðilar sitja í endurskoðunarnefnd:

- Margrét Flovenz, formaður
- Gerður Huld Arinbjarnardóttir
- Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Stjórn félagsins tilnefndir two einstaklinga til setu í starfskjaranefnd, og má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum sjónarmiðum.

Í starfskjaranefnd Ölgerðarinnar eiga sæti eftirfarandi einstaklingar:

- Magnús Árnason, formaður
- Rannveig Eir Einarsdóttir

Meginhlutverk starfskjaranefndar er að fylgjast með að starfskjör hjá féluginu séu innan starfskjarastefnunnar. Starfskjarastefnan skal tekin til endurskoðunar og samþykktar af stjórn hvert ár og síðar lögð fyrir aðalfund. Stjórn gerir tillögu um stjórnarlaun fyrir komandi starfsár.

### 5.9 Hluthafar og hlutafé

20 stærstu hluthafar Ölgerðarinnar miðað við dagslokastöðu þann 31. júlí 2023:

Hluthafi	Fjöldi hluta	Hlutfallseign
Bóksal ehf.	319.999.958	11,28%
Sindrandi ehf.	282.794.730	9,97%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	250.880.953	8,84%
OA eignarhaldsfélag ehf.	158.181.520	5,57%
Gildi - lífeyrissjóður	144.771.507	5,10%

Brú Lífeyrissjóður	136.591.430	4,81 %
Fasti ehf.	113.033.183	3,98%
Birta lífeyrissjóður	110.880.609	3,91%
Almenni lífeyrissjóðurinn	76.914.519	2,71%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	71.253.976	2,51%
Lífsverk lífeyrissjóður	68.087.180	2,40%
Festa - lífeyrissjóður	65.484.057	2,31%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	64.749.509	2,28%
Landsbréf – Úrvalsbréf hs.	54.528.741	1,92%
Lífeyrissj.star fsm.rík. A-deild	51.935.380	1,83%
Stapi lífeyrissjóður	44.375.615	1,56%
ISA ehf.	39.153.261	1,38%
EGG fjárfestingar ehf.	39.153.261	1,38%
Stefnir – Innlend hlutabréf hs.	38.579.489	1,36%
Íslandsbanki hf.	36.305.872	1,28%
<b>Samtals 20 stærstu</b>	<b>2.167.654.750</b>	<b>76,39%</b>
<b>Aðrir smærri hluthafar</b>	<b>669.743.309</b>	<b>23,60%</b>
<b>Eigin hlutir Ölgerðarinnar</b>	<b>317.115</b>	<b>0,01%</b>
<b>Útgefni hlutir samtals</b>	<b>2.837.715.174</b>	<b>100%</b>

Á fundi stjórnar Ölgerðarinnar þann 21. apríl 2023 tók stjórn ákvörðun um að veita stjórnendum og tilteknum lykilstarfsmönnum kauprétti að samtals 59.500.000 hlutum í félaginu, eða sem samsvarar um 2,1% af hlutafé Ölgerðarinnar. Ákvörðunin byggir á samþykkt aðalfundar frá maí 2021. Kaupréttirnir voru veittir framkvæmdastjórn og tilteknum lykilstarfsmönnum. Þar af var forstjóra og meðlimum framkvæmdastjórnar veittur kaupréttur að samtals 31.500.000 hlutum, sem skiptast jafnt milli umræddra starfsmanna.

Heildarfjöldi útistandandi kaupréttu sem Ölgerðin hefur veitt starfsfólki sínu nemur nú 105.625.000 hluta, eða um 3,7% hlutafjár í félaginu, og er þá meðtalin þessa nýja úthlutun kaupréttu. Heildarkostnaður félagsins vegna nýju samninganna út nýtingartímann er áætlaður um 162 milljónir og er þá byggt á reiknilíkani Black-Scholes.

Kaupréttarsamningunum er ætlað að samtvina hagsmuni starfsmanna og félagsins til lengri tíma. Skilmálar þeirra eru í samræmi við starfskjarastefnu félagsins sem samþykkt var á aðalfundi Ölgerðarinnar hinn 23. maí 2024.

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í útgefanda. Hagsmunir minnihluta eigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykkta útgefanda og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

### 5.9.1 Arðgreiðslur

Um arðsúthlutun og tillag í lögbundinn varasjóð fer eftir ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög eins og þau eru á hverjum tíma. Að öðru leyti eru ekki settar neinar skorður við ákvörðun um úthlutun arðs. Ekki er til staðar arðgreiðslustefna við dagsetningu grunnlysingar þessarar. Ölgerðin hefur ekki greitt út arð á

tímabilinu sem fjárhagsupplysingarnar ná til.

### **5.10 Próun og horfur**

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda né samstæðu útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt þann 27. júní 2024. Ekki hafa orðið verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu né fjárhagsstöðu samstæðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem fjárhagsupplysingar hafa verið birtar um til dagsetningar grunnlýsingarinnar.

Útgefanda er ekki kunnugt um neinar stjórnavalds-, efnahags-, fjárhags-, peningamála- eða pólitískar stefnur eða aðgerðir sem hafa eða gætu haft veruleg bein eða óbein efnisleg áhrif á rekstur útgefanda eða samstæðunnar aðrar en fjallað er um í kafla 2. *Áhættuþættir*.

Vegna umfangs og stærðar útgefanda kunna útgefandi og dótturfélög hans á hverjum tíma að vera aðili að ágreiningsmálum sem upp koma af hálfu útgefanda eða á hendur honum. Engin mál biða meðferðar eða eru yfirvofandi sem útgefanda er kunnugt um á síðustu 12 mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar.

## 6 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Grunnlýsing þessi, dagsett 28. ágúst 2024, telst vera grunnlýsing í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129, sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsingin inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja þeim skuldaskjölum, sem gefa má út í samræmi við útgáfuramma þann er lýst er í grunnlýsingunni, á þeim degi sem hún er dagsett. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Samkvæmt útgáfurammanum getur Ölderðin Egill Skallagrímsson hf. gefið út skuldabréf og/eða víxla fyrir allt að 10.000.000.000 kr. í samræmi við ákvæði útgáfurammans, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing, í hverri þeiri mynt sem ákveðin er af útgefanda og tilgreind er í endanlegum skilmálum hverju sinni. Sé um að ræða útgáfu skuldaskjala undir útgáfurammanum sem fellur undir undanþágu frá birtingu lýsingar skv. 4. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar 2017/1129 er þó heimilt að gefa út án gildrar grunnlýsingar. Þessi grunnlýsing gildir í 12 mánuði frá dagsetningu hennar. Upplýsingar um nafnvirði, vexti, ávoxtun og ákveðnar aðrar upplýsingar sem eiga við um þau skuldaskjöl sem gefa skal út á hverjum tíma í samræmi við skilmála útgáfurammans líkt og skilgreint er í kafla 3 *Skilmálar skuldaskjalanna* og 4 *Form endanlegra skilmála* verða tilgreindar í endanlegum skilmálum hvorrar útgáfu. Ef sótt verður um töku skuldaskjalanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland verða endanlegu skilmálnir skráðir og birtir á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og vefsíðu útgefandans, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar>.

Grunnlýsing þessi varðar skuldabréf og/eða víxla útgefna af Ölderðinni sem gefa má út í samræmi við útgáfurammann vegna umsóknar um að þeir verði teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsing þessi varðar því skuldabréf og víxla sem tilgreindir verða í viðeigandi endanlegum skilmálum grunnlýsingarinnar.

Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, eftir því sem við á og í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129, sem innleidd var í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingajöf í lýsingum samkvæmt viðaukum 7, 15 og 28 við framselta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/980. Grunnlýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum Nasdaq Iceland um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum markaði (*Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga*), eins og þær eru á hverjum tíma, í samræmi við lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.

Grunnlýsingin er dagsett 28. ágúst 2024 og hana, ásamt viðaukum við hana, ef einhverjur eru, má nálgast á vef útgefanda, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar>.

Fjárfesting í skuldabréfum og/eða víxlum felur í sér áhættu. Vegna mögulegra fjárfestinga í þeim skuldaskjölum sem grunnlýsing þessi varðar þá eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel grunnlýsinguna og viðauka sem kunna að vera gerðir við hana, en skjölin má nálgast á vef félagsins <https://www.olgerdin.is/fjarfestar>. Er fjárfestum ráðlagt að kynna sérstaklega kafla um áhættuþætti.

Eftir birtingu grunnlýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af félagini og viðkomandi skuldaskjöl. Upplýsingar í grunnlýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með þau skuldaskjöl, sem tilgreindir eru í viðeigandi endanlegum skilmálum, á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, séu þau tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Gefinn skal út viðauki við grunnlýsingu ef nauðsynlegt bykir í samræmi við ákvæði 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129, sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal innihalda uppfærðar

upplýsingar um útgefandann og skuldaskjölin sem boðin eru í útboði fyrir hæfa fjárfesta og/eða ætlunin er að taka til viðskipta á skipulegum markaði. Litið skal svo á að yfirlýsingar og upplýsingar sem fram koma í slíkum viðaukum, eða skjölum sem felld eru með tilvísun inn í viðaukana, breyti og/eða komi í stað yfirlýsinga og upplýsinga sem fram koma í grunnlýsingunni

Grunnlýsingu þessa má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, ráðgjafa félagsins eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á skuldaskjölum er í eðli sínu áhættufjárfesting. Fjárfesting í skuldaskjölum, sem gefin eru út af féluginu, eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í skuldaskjölum útgefnum af féluginu og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á fjármálagerningum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á víxlum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Grunnlýsingu þessa skal hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Grunnlýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada, Bretlands eða Japans. Útgefandinn, eða ráðgjafinn eru ekki ábyrgir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni sem fram fer í trássi við ofangreindar dreifingartakmarkanir.

Hlutabréf útgefin af Ölderðinni Egill Skallagrímsson hf. hafa verið í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland frá 9. júní 2022 og hefur félagið frá þeim tíma haft ákveðna upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum, samanber lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu og lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, birt tilkynningar opinberlega og lútið reglum Nasdaq Iceland. Núgildandi samnorrænar reglur fyrir útgefendur hlutabréfa, *Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares*, útgefnar af Nasdaq og kveða meðal annars á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, í samræmi við lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, auk þess sem þær skulu sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni. Á meðan fjármálagerningar útgefnið af Ölderðinni Egill Skallagrímsson hf. eru til viðskipta á skipulegum markaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni <https://www.olgerdin.is/fjarfestar>.

## 6.1 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „félagsins“ eða „móðurfélagsins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Ölderðarinnar Egils Skallagrímsson hf., kennitala 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Ölderðin“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til útgefanda og dótturfélaga hans, eins eða fleiri, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „samstæðu“ skal túlka sem tilvísun til útgefanda og allra dótturfélaga hans saman. Ölderðin Egils Skallagrímsson hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti.

Vísun til „skuldaskjalanna“, „verðbréfanna“, „skuldabréfanna“, „skuldabréfaflokkssins“, „víxlanna“, „víxlaflokkssins“ eða „skuldaskjalaflokkssins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til verðbréfa sem gefin eru út í samræmi við ákvæði útgáfurammans sem lýst er í grunnlýsingunni.

Vísun til „útgáfurammans“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til 10.000.000.000 kr. útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari.

Vísun til „**Fjármálaeftirlitsins**“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kennitala 560269 4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „**Nasdaq Iceland**“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „**Aðalmarkaðar**“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður, nema annað megi skilja af samhengi textans.

„**Fjárhagsárið 2022**“ í þessari grunnlýsingu vísar til fjárhagsársins 2022-23 sem lauk 28.febrúar 2023.

„**Fjárhagsárið 2023**“ í þessari grunnlýsingu vísar til fjárhagsársins 2023-24 sem lauk 29.febrúar 2024.

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í grunnlýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.

Í grunnlýsingu þessari skulu skilgreind orð í eintölu jafnframta taka til fleirtölumpyndar orðsins, og öfugt. Einnig skulu orð tilgreind án greinis jafnframta taka til orðanna með greini, og öfugt

## 6.2 Gildistími og aðgengi að lýsingu

Lýsingin er gefin út á íslensku og gildir í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Gildistími lýsingarinnar hefur þó engin áhrif á þau skuldaskjöl sem gefin hafa verið út á grundvelli lýsingarinnar fram til þess tíma.

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/>. Fjárfestar geta einnig óskað eftir eintaki af lýsingunni á prentuðu formi á skrifstofu félagsins.

## 6.3 Upplýsingar felldar inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru felld með tilvísun inn í lýsinguna og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni:

Ársreikningur samstæðu \_Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2022 ásamt skýrslu endurskoðanda, vefsloð:

[https://www.olgerdin.is/Files/Files/Olderdin/OES\\_arsreikningur\\_samstodu\\_2022-2023.pdf](https://www.olgerdin.is/Files/Files/Olderdin/OES_arsreikningur_samstodu_2022-2023.pdf)

- Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2023, ásamt skýrslu endurskoðanda, vefsloð:

<https://www.olgerdin.is/Admin/Public/DWSDownload.aspx?File=%2fFiles%2fFiles%2fOlgerdin%2foes-arsreikningur-samstodu-2023-2024.pdf>

## 6.4 Skjöl til sýnis, aðgengi og gildistími

Á meðan grunnlýsingin er í gildi má skoða eftirfarandi skjöl á vefsíðu útgefanda <https://www.olgerdin.is/fjarfestar> og á skráðri skrifstofu útgefanda að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík:

- Samþykktir Ölgerðarinnar hf. dagsettar 21. maí 2024.
- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2022/23, ásamt skýrslu endurskoðanda.
- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2023/24, ásamt skýrslu endurskoðanda.

## 6.5 Ráðgjafar

Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi hefur umsjón með því ferli að fá grunnlýsingu þessa staðfesta hjá Fjármálaeftirlitinu. Íslandsbanki hf. hefur unnið að gerð grunnlýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórн útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda.

Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir aðkomu sína að þessu verkefni. Samskiptauapplýsingar Íslandsbanka eru: fyrirtaekjaradgjof@islandsbanki.is og LEI auðkenni er 549300PZMFIQR79Q0T97.

## **6.6 Upplýsingar frá þriðja aðila**

Upplýsingar í grunnlýsingunni byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila, annað en opinberum upplýsingum sem birtar hafa verið af opinberum aðilum. Grunnvísítölugildi Hagstofu Íslands felur í sér upplýsingar sem útgefandi hefur aflað frá þriðja aðila. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt að staðreyna, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við. Upplýsingarnar voru fengnar á vef Hagstofu Íslands <http://www.hagstofan.is>.

## **6.7 Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands**

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík („**Fjármálaeftirlitið**“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, hefur staðfest þessa lýsingu, sem dagsett er 28. ágúst 2024. Fjármálaeftirlitið staðfestir lýsinguna einungis í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki skal líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingunni sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum þeirra skuldaskjala sem gefin hafa verið út á grundvelli lýsingarinnar. Fjárfestum ber að leggja sjálfstætt mat á hvort þeim henti að fjárfesta í skuldabréfunum eða víxlunum út frá skilmálum skuldaskjalanna og lýsingunni.

## **6.8 Endurskoðandi**

PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, („**PWC**“) hefur endurskoðað ársreikninga Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárin 2022 og 2023. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Fyrir hönd PricewaterhouseCoopers var Kristinn F. Kristinsson endurskoðandi fyrir fjárhagsárin 2022 og 2023. Hann er aðili að Félagi löggiltre endurskoðenda. Engir hlutir í Ölgerðinni eða tengdar afleiður eru í eigu PWC eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda. PWC hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í grunnlýsingu þessari.

## **6.9 Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda**

Formaður stjórnar og forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Ölgerðarinnar Egils Skallagrímsson hf. sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem geta haft áhrif áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 28. ágúst 2024

Fyrir hönd Ölgerðarinnar Egils Skallagrímsson hf.

Bogi Þór Sigurðdsson,  
*stjórnarformaður*

Andri Þór Guðmundsson,  
*forstjóri*